

Ársskýrsla 2006

The Museum Council of Iceland
A Yearly Report for 2006

SAFNARÁÐ

The Museum Council of Iceland

Safnaráð
Laufásvegi 12
101 Reykjavík

Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	4
Fulltrúar í Safnaráði.....	6
Hlutverk Safnaráðs	7
Starfsemi Safnaráðs 2006	9
Rekstur skrifstofu Safnaráðs 2006	9
Skilgreiningar	9
Innlend og alþjóðleg aðild og samvinna.....	10
Málstofa Safnaráðs með Gísla Sverri Árnasyni – Umdæmissöfn á Íslandi ...	12
Málstofa um aðgengi fatlaðra á söfnum.....	13
Samráðsfundur Safnaráðs um menntunarhlutverk safna	13
Flugminjanefnd 2006	17
Könnun Safnaráðs á stöðu skráningar á söfnum 2006.....	18
Íslenski safnadagurinn	20
Vefsíða Safnaráðs	25
Safnastarf 2006	26
Menntun safnmanna.....	26
Safnasjóður 2006.....	28
Erindi til afgreiðslu	31
Stefnumótun stjórnvalda í safnamálum	32
Höfuðsöfnin	32
Tölfræðiupplýsingar um safnastofnanir.....	34
Vettvangsferð Safnaráðs 2006	35
Ferðir framkvæmdastjóra 2006	36
Rannsóknargrein um safnastarf	38
Lokaorð.....	42
Viðauki 1: Styrkveitingar úr Safnasjóði 2005.....	43
The Museum Council of Iceland A Summary	45

Ávarp framkvæmdastjóra

4. gr. safnalaga nr. 106/2001 fjallar um grunnhlutverk safna. Greinin er byggð á samþykktum ICOM (International Council of Museums), alþjóðaráðs safna. Skráning safnkosts er eitt þessara grunnhlutverka, hin eru söfnun, varðveisla, rannsóknir og miðlun safnkosts. Deila má um hvert þessara hlutverka er mikilvægast en færa má rök fyrir því að skráning skapi grundvöll fyrir faglega útfærslu og framkvæmd allra hinna grunnhlutverkanna.

Söfnun og skráning, skráning og söfnun er svoltið eins og hænan og eggid. Hvort kom á undan í upphafi, hænan eða eggid? Var það hænan sem verpti eggid, eða var það eggid sem varð að unga, sem varð að hænu sem verpti eggid? Í safnastarfi er það oft svo að upphaf safns er að söfnun á sér stað fyrst, eins og tilfellið er með ýmis einkasöfn sem vakna af söfnunarástriðu einstaklings og vaxa yfir í fagleg söfn. Þó er það ekki þannig í öllum tilfellum því einnig hendir það að aðilar taki sig til og hefji áriðandi skráningu muna og heimilda um ákveðið svið og myndi um það faglegt safn án þess að nokkur söfnun hafi átt sér stað í upphafi.

Hvert sem upphafið er má gera ráð fyrir því að söfnun verði ómarkvissari og stefnulausari ef safnaðir gripir og upplýsingar um þá er ekki skráð. Skráning gripanna gefur mikilvægan skilning á safnkostinum og heildaryfirsýn yfir hann og einkenni hans. Vera má að í einhverjum tilfellum hafi starfsmaður safns svo djúpa þekkingu og yfirsýn á safnkostinum að hann hafi enga þörf á að skoða skráðar upplýsingar/skráningargrunn til að átta sig á hver einkenni safnkostsins eru, hvaða göt þarf að fylla upp í í safnkostinum og hvaða möguleikar felast í honum með tilliti til miðlunar og rannsókna. Slíka þekkingu má hins vegar aldrei taka sem sjálfsgöðan hlut í safnastarfi. Maður kemur eftir mann og enginn veit sin örlög og því áriðandi frammar öllu að sem minnst töf verði á því að allar upplýsingar um safnkostinn séu vandlega skráðar á faglegan og aðgengilegan hátt, helst af öllu í rafrænan, staðlaðan skráningargrunn. Athuga verður einnig að öryggi skráningarinnar sé tryggt, með afritatöku og viðeigandi aðgerðum.

Með stöðluðum skráningargrunnum má fá heildarsýn yfir safnkosti landsins alls og stuðla þannig að hagkvæmari starfsemi safna sem og hagkvæmari nýtingu ríkisfjár með skilvirkri verkaskiptingu safna hvað varðar söfnun. Hvert safn einbeitt sér að ákveðnu söfnunarsvæði, söfnunarsviði og/eða söfnunartímabili. Skaranir verði sem minnstar til að unnt sé að hámarka hagkvæmni og til að sérþekking verði til um afmörkuð svið á hverju safni. Eins og Morten Lundbæk, kunnur og virtur safnamaður í Danmörku, itrekaði við mig kíminn en ákveðinn, þegar ég heimsótti Kulturarvstyrelsen í Kaupmannahöfn árið 2006, " markmiðið á að vera einn safnkostur fyrir allt landið."

Rannsóknir og miðlun safnkosts er eðlilega sprottið af einkennum hans. Sjá má fyrir sér að rannsóknir og miðlun safnkosts væri ómarkvisst og tilviljanakennt ef ekki væri fyrir skráningu. Þær upplýsingar sem skráningargrunnar geyma um einkenni safnkostsins vekja upp endalausar spurningar sem sumar verða upphafið að rannsóknnum á afmörkuðum þáttum safnkostsins. Safnarannsóknir enda með miðlun niðurstaðna á sýningum eða í öðru formi. Afar mikilvægt er að tryggja varðveislu þessara niðurstaðna með útgáfu þeirra í einhverju formi (sýningarskrá, skýrslu, grein ...), ekki síður en varðveislu safnkostsins sjálfs. Þannig er tryggt að sú þekking sem rannsóknin skapar tapast ekki, heldur bættist við þær upplýsingar sem fyrir liggja um safnkostinn. Þannig er skráningin í raun ekki endanleg aðgerð, heldur þróunarferli, þar sem sífellt bættist ný þekking ofan á þá eldri og dýpkar vitneskju okkar um sögu, eðli, innihald, nýtingu og samhengi þeirrar arfleifðar sem um ræðir.

Það rökrétta ferli grunnhlutverka safna sem greint er frá hér að ofan er það sem skapar mikilvægi og tilveru safna. Söfnin eru þær stofnanir samfélagsins sem helga sig því hlutverki að

ekki eingöngu varðveita þekkingu um uppruna okkar, þróun og stefnu, með skráningu, varðveislu og miðlun, heldur einnig endurnýja þá þekkingu með miðlun nýrra rannsókna sem varpa nýju ljósi á eitthvað sem við höfum þekkt um aldur og ævi.

Skráningin skapar grundvöll þessa alls og lykilatriði að hún sé vönduð, skilvirk og aðgengileg í faglegu safnastarfi.

Safnaráð framkvæmdi könnun á stöðu skráningar á íslenskum safnastofnunum í mars-apríl 2006. Greint er frá könnuninni síðar í skýrslunni, en meðal annars kom þar fram að 48% safnastofnana hafa skráð 67-100% safnkostsins í rafrænt skráningarkerfi.

Rakel Halldórsdóttir,
framkvæmdastjóri Safnaráðs

Fulltrúar í Safnaráði

Safnaráð er skipað, skv. safnalögum nr. 106/2001, af fimm aðilum til fjögurra ára í senn. Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS) tilnefna einn fulltrúa hvort auk varamanna. Auk þeirra eiga sæti í Safnaráði forstöðumenn höfuðsafna, Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands og tilnefna þeir varamenn í sinn stað. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi ráðsmanna. Safnaráð á árinu 2006 var skipað frá 1. nóvember 2005 til 1. nóvember 2009.

Skipan Safnaráðs á árinu 2006:

Ráðsmenn:	Varamenn:
Ólafur Kvaran, safnstjóri Listasafns Íslands, formaður Safnaráðs	Júliana Gottskálksdóttir, safnstjóri Listasafns Einarssonar
Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, varaformaður Safnaráðs	Anna Guðný Ásgeirsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og þjónustusviðs Þjóðminjasafns Íslands
Jón Gunnar Ottósson, forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Íslands	Álfheiður Ingadóttir, útgáfustjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands
Sveinn Kristinsson, bæjarstjórnarfulltrúi Akranesi (fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga)	Steinunn Ó. Kolbeinsdóttir
Karl Rúnar Þórsson, formaður Félags íslenskra safna og safnmanna (fyrir hönd félagsins)	Ágústa Kristófersdóttir, sýningastjóri Þjóðminjasafns Íslands

Framkvæmdastjóri Safnaráðs er Rákel Halldórsdóttir. Framkvæmdastjóri sér um allt er lýtur að rekstri skrifstofu Safnaráðs, veitir innlendum og erlendum aðilum upplýsingar um safnamál, sinnir vefsíðu, málþingum og útgáfum, undirbýr ákvarðanir og fundi og sinnir framkvæmd ákvarðana ráðsins.

Safnaráð fundaði á tíu fundum á árinu 2006. Fundargerðir ráðsins eru aðgengilegar á vefsíðu þess: www.safnarad.is

Hlutverk Safnaráðs

Safnaráð er fjölskipað stjórnvald og stjórnábylgjufund sem starfar undir menntamálaráðuneyti, skv. safnalögum nr. 106/2001, en einnig skv. lögum nr. 105/2001 um flutning menningarverðmæta úr landi og skil menningarverðmæta til annarra landa.

Skv. 3. og 11. gr. safnalaga er hlutverk Safnaráðs fjölþætt:

- 1) Safnaráð er samráðsvettvangur starfsemi lista- og minjasafna.
- 2) Safnaráð hefur eftirlit með söfnum sem hljóta ríkisstyrki.
- 3) Safnaráð úthlutar úr Safnasjóði.
- 4) Sæki safn um styrk til menntamálaráðuneytis skv. 11. gr. safnalaga til öflunar húsnæðis fyrir starfseminna er styrkveiting háð samþykki Safnaráðs á stofnkostnaði og húsnæði.

Skv. 2., 4., 5., 6. og 7. gr. laga nr. 105/2001 og 7. gr. safnalaga bætist annað tvíþætt hlutverk við hin fyrri:

- 5) Safnaráð veitir formlegt leyfi til útflutnings muna eða gripa sem teljast til menningarverðmæta skv. 2. og 4. gr. laga nr. 105/2001.
- 6) Safnaráð skal annast framkvæmd skila á menningarminjum, er fluttar hafa verið með ólöglegum hætti til Íslands, til hlutaðeigandi ríkja.

Hlutverk Safnaráðs er því afar fjölþætt og spannar breitt svið íslensks menningararfs.

Á 14. fundi Safnaráðs þann 30. janúar 2003 voru samþykktar verklagsreglur ráðsins fyrir 2003-2005, sem framlengdar voru á fundi ráðsins þann 16. febrúar 2006, en skv. verklagsreglunum er hlutverk Safnaráðs:

- að meta starfsemi safna
- að halda skrá yfir söfn í landinu
- að stjórna Safnasjóði og veita úr honum styrki samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins
- að hafa eftirlit með söfnum og þeim framkvæmdum sem ráðið styrkir
- að veita ráðgjöf og fræðslu um safnamál

Ljóst er skv. verklagsreglum að megináhersla er lögð á fyrstu 3 lögbundnu hlutverk ráðsins, enda marka þessi þrjú hlutverk stærstan þátt starfseminnar enn sem komið er.

Safnaráð stjórnar Safnasjóði og veitir styrkjum úr sjóðnum til safna skv. safnalögum nr. 106/2001. Í fyrsta frumvarpi til safnalaga sagði orðrétt: „Lagt er til að stofnaður verði sérstakur sjóður er beri heitið safnasjóður sem hafi það hlutverk að sjá um styrkveitingar til safna. Með stofnun slíks sjóðs er tryggð aukin samkvæmni í styrkveitingum og aukið eftirlit með þeim söfnum sem fá styrki.“¹ Samkvæmni í styrkveitingum og aukið faglegt eftirlit með söfnum er hljóta ríkisstyrki voru því meginmarkmiðin með stofnun Safnasjóðs.

Úthlutunarreglur Safnasjóðs voru staðfestar af menntamálaráðherra þann 6. maí 2003, en voru þær settar með vísan til 10. gr. safnalaga nr. 106/2001.


Á fjárlögum 2002, fyrsta árið sem sjóðurinn starfaði, var fjárveitingin 58 millj. og sjóðurinn myndaður að stærstum hluta af fjármagni sem áður hafði verið útteilt til byggðasafna af Þjóðminjasafni, eða

¹ Frumvarp til safnalaga. 126. löggjafarþing 2000-2001. Þskj. 238 – 224. mál.

39 millj. kr. af fjárlagalið 02-902-1.10 Þjóðminjasafn, byggða- og minjasöfn. Við það bættust 16 millj. kr. af liðnum 02-919-1.90 Söfn, ýmis framlög og 3 millj. kr. af fjárlagalið umhverfisráðun. 14-190-1.59 Náttúrusöfn.²

Á fjárlögum 2003 var fjárveiting óbreytt frá fyrra ári, eða 58 millj. kr. Árið 2004 var fjárveiting hækkuð um 8 millj. kr. eða í 66 millj. kr. Engin hækkun var á Safnasjóði milli ára, en 2005 var fjárveiting aftur 66 millj. kr. Árið 2006 var fjárveiting í Safnasjóð 83,7 millj. kr. Hækkun milli ára var sem hér segir:

Fjárveitingar í Safnasjóð 2002-2006



Safnasjóður fékk eigin kennitölu á árinu 2004 skv. heimild frá menntamálaráðuneyti (dags. 2. júlí 2004). Kennitala Safnasjóðs er 700904-3340.

² Fjárlög 2002, bls. 262.

Starfsemi Safnaráðs 2006

Rekstur skrifstofu Safnaráðs 2006

Skrifstofa Safnaráðs var stofnsett með ráðningu starfsmanns Safnaráðs (síðar framkvæmdastjóra)³ 10. febrúar 2003. Skrifstofan var í fyrstu staðsett í páverandi skrifstofuhúsnæði Þjóðminjasafns Íslands að Lyngási 7-9 í Garðabæ. Þegar endurnýjað húsnæði Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu var tekið í notkun flutti skrifstofa Safnaráðs þangað tímabundið, eða þar til safnstjóri Listasafns Íslands tók við formennsku í ráðinu 1. febrúar 2004. Skrifstofan hefur síðan þá verið staðsett á 3. hæð í skrifstofubyggingu Listasafns Íslands að Laufásvegi 12, 101 Reykjavík. Skv. þjónustusamningi við Listasafn Íslands leigir Safnaráð leigt aðsetur og þjónustu (s.s. símaþjónustu og nýtingu aðstöðu og aðbúnaðs Listasafns Íslands) fyrir skrifstofu ráðsins.

Skv. rekstraráætlun fyrir 2006 var gert ráð fyrir umsýslugjaldi v. starfsemi Safnaráðs kr. 8.600.000. Í umræddu gjaldi er allur rekstur skrifstofu Safnaráðs þar með talin leiga á aðstöðu og þjónustu í Listasafni Íslands, tölvubúnaður og hugbúnaður, launagreiðslur og launatengd gjöld vegna starfsmanns, nefndarlaun og ferðakostnaður vegna funda og starfsemi ráðsins, auglýsingakostnaður vegna Safnasjóðs, kostnaður vegna málþinga/ráðstefna og útgáfu Safnaráðs og annar ófyrirséður kostnaður. Þá eru innifaldar greiðslur nefndarlauna til fulltrúa hagsmunasamtaka í safnaráði, þ.e. fulltrúa Félags íslenskra safna og safnmanna og fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndarlaun eru ákvörðuð af þóknanagernd menntamálaráðuneytis. Vegna síaukins umfangs skjalavinnslu í tengslum við starfsemi Safnaráðs var á árinu 2005 keypt Focal skjalakerfi hjá Hópvinnukerfum ehf til skjalavörslu. Kerfið er sambærilegt skjalakerfum Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands.

Ríkisendurskoðun sér um endurskoðun ársreikninga Safnaráðs.

Skilgreiningar

Skv. 4. gr. [safnalaga nr. 106/2001](#) er safn stofnun sem safnar, varðveitir, skrárir, rannsakar og miðlar, m.a. með sýningum, heimildum um menningu okkar og/eða náttúru. Á Íslandi er fjöldinn allur af stofnunum sem stunda a.m.k. hluta þeirra þátta sem skilgreindir eru sem safnastarf skv. 4. gr.

Þau hugtök sem 4. gr. nær til eru ekki skilgreind eða útskýrð nánar í lögum eða reglugerðum. Safnaráð hefur nokkuð fjallað um skýrgreiningu á hugtakinu „safn“.

Safn

Til að fá sem nákvæmasta yfirsýn yfir umfang safnastarfs í landinu hefur frkv.stj. safnað saman upplýsingum um menningarminja-, náttúruminja- og listastofnanir á sviði safnastarfs. Í heild hefur skráin að geyma um 210 stofnanir á sviði safnastarfs á Íslandi og eru þá meðtalin söfn, safnvísar og setur (setur stunda suma, ekki alla þætti safnastarfs), sýningar (fyrst og fremst miðlun) og helstu

³ Í samræmi við umfang og eðli starfsins var starfsheiti breytt í framkvæmdastjóri skv. ákvörðun Safnaráðs á fundi þann 18. september 2003

félög á sviði safnastarfs (þ.m.t. Félag íslenskra safna og safnmanna, Íslandsdeild ICOM, alþjóðráðs safna og Félag íslenskra safnafræðinga).

Söfn á Íslandi eru um 60 talsins (ef „söfn innan safna“⁴ eru ekki talin sérstaklega), setur/safnvisar/sýningar og önnur safnastarfsemi telur um 180 einingar.

Hugtakanotkun:

Ólíkt því sem tíðkast erlendis (sbr. museum) hefur notkun íslenska hugtaksins safn vafist fyrir mönnum, þar sem um er að ræða hugtak sem bæði er notað yfir hinar eiginlegu stofnanir sem sinna öllum þáttum safnastarfs og einnig yfir samansafn hluta eða safnkostinn (sbr. collection). Í daglegu tali virðist almenningur nota hugtakið safn yfir flestalla starfsemi á safnasviði en til eru önnur hugtök sem eiga betur við um starfsemi þar sem ákveðnir þættir safnastarfs fara fram.

Hugtakið setur hefur náð nokkurri útbreiðslu yfir stofnanir er *sinna ákveðnum þáttum safnastarfs*, þá aðallega skráningu, upplýsingaöflun eða takmörkuðum rannsóknum og miðlun. Samskonar stofnanir hafa stundum verið nefndar safnvisar, þar sem óljóst er hvort umfang starfseminnar mun aukast yfir í það að innihalda alla þætti safnastarfs. Mörkin milli safns og seturs geta verið óljós en í slíkum tilfellum sker faglegt álit ráðsmanna í Safnaráði úr, en álitid er byggt á greinargóðri þekkingu og samanburði á stofnunum.

Hugtakið sýning hefur verið notað yfir stofnanir þar sem fyrst og fremst er um að ræða miðlun.

Safnaráð hefur ekki gefið út formlega ályktun á fyrrgreindum hugtökum sem lýsa starfi mismunandi stofnana í safnastarfi að öðru leyti en því að stofnanir sem hlotið hafa styrki úr Safnasjóði eru taldar uppfylla skilyrði safnalaga að mati ráðsins og geta því með réttu kallast söfn. Mat ráðsins á því hvort safn uppfyllir skilyrði laganna um faglegt safnastarf byggir á þekkingu ráðsmanna á söfnunum, heimsóknum á söfnin og þeim itarupplýsingum um starfsemina sem söfnin skila inn með umsókn.

Söfnun, varðveisla, rannsóknir, miðlun

Ekki hefur verið skilgreint opinberlega hvað hugtökin „söfnun“, „varðveisla“, „rannsóknir“ og „miðlun“ sbr. 4. gr. safnalaga, fela í sér. Í Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2003-2008 eru þessi hugtök skýrð að nokkru. Þar fyrir utan eru sérfræðiþekking ráðsmanna og framkvæmdastjóra og yfirsýn þessara aðila grunnur ákvarðana er varða skilgreiningar ofangreindra hugtaka.

Innlend og alþjóðleg aðild og samvinna

Félag íslenskra safna og safnmanna

Framkvæmastjóri Safnaráðs er aðili að Félagi íslenskra safna og safnmanna. Skv. upplýsingum á vefsíðu félagsins www.safnmenn.is eru markmið félagsins „... ferskonar og bundin í lög félagsins; að efla samstarf og kynni milli safna og safnmanna, fjalla um safnamál, auka þekkingu og fræðslu á söfnum og safnstörfum og annast samskipti við safnmenn og hliðstæð samtök erlendis. Í öðru lagi að leitast við að tryggja réttindi og hagsmuni félagsmanna. Í þriðja lagi að halda Farskóla safnmanna þar sem starfsmenn safna fá starfsfræðslu og endurmenntun. Og í fjórða lagi að gefa út fréttabréf. Þessum markmiðum er einnig reynt að ná með útgáfustarfsemi, fundahaldi, fyrirlesturum, námskeiðum og ferðalögum.“

Framkvæmastjóri sótti farskóla FÍSOS árið 2006 á Egilsstöðum, 27.-29. september, en farskólinn var í boði Minjasafns Austurlands það ár.

Félag íslenskra safnafræðinga

Framkvæmastjóri Safnaráðs var einn stofnenda Félags íslenskra safnafræðinga, sem stofnsett var

⁴ Á nokkrum stöðum á Íslandi eru nokkur söfn rekin saman sem ein eining. Eðlilegt er að líta á þessa starfsemi sem eitt, blandað safn.

24. nóvember 2005. Skv. lögum félagsins eru markmið þess: Að efla faglega vitund íslenskra safnafræðinga og skapa vettvang fyrir umræður og skoðanaskipti þeirra á milli. Að efla rannsóknir og kennslu í safnafræði á háskólastigi og kynna fræðigreininna meðal íslenskra safnmanna og almennings. Að gæta faglegra hagsmuna félagsmanna sinna og stuðla jafnframt að samvinnu við þá sem starfa við tengd störf á söfnum landsins. Að koma á og annast samskipti við sambærileg félög erlendis og fylgjast með straumum og stefnum innan fagsins. Að vera ráðgefandi aðili á sviði safnamála og veita umsagnir og álit í samræmi við starfssvið félagsins.

ICOM alþjóðaráð safna

Framkvæmastjóri Safnaráðs hefur verið aðili að ICOM, alþjóðaráði safna frá árinu 2004. ICOM eru alþjóðleg samtök safna og safnmanna og telja samtökin nær 110 aðildarlönd. Samtökin starfa bæði í þjóðdeildum og einnig í alþjóðlegum fagnefndum, sem nú eru um 25 talsins. ICOM er samstarfsaðili UNESCO á sviði safnamála og varðveislu menningarminja. Skrifstofa ICOM er staðsett í húsnæði UNESCO í París. Samtökin standa fyrir árlegum fundum ráðgjafanefndar sem í eiga sæti formenn þjóðdeilda og fagnefnda. Þriðja hvert ár er haldin allsherjarráðstefna þar sem á annað þúsund safnmenn koma saman.

Starfrækt er Íslandsdeild ICOM en formaður hennar er Lilja Árnadóttir, fagstjóri Munasafns Þjóðminjasafns Íslands. Íslandsdeildin hefur eigin vefsíðu: www.icom.is

European Museum Forum

Árið 2004 gerðist Safnaráð sem stofnun aðili að European Museum Forum (EMF). EMF eru óháð, ópólitísk samtök sem starfa undir vernd Evrópuráðsins (The Council of Europe). Hin 46 aðildarlönd Evrópuráðsins koma flestöll á einhvern hátt að starfsemi EMF. Allt starf aðildarféлага í þágu samtakanna er unnið í sjálfboðavinnu. Samtökin standa fyrir árlegri samkeppni safna um Safn Evrópu (The European Museum of the Year Award). Veitt eru þrenn verðlaun í samkeppninni:

- Verðlaunin Safn Evrópu ársins (The European Museum of the Year Award).
- Verðlaun Evrópuráðsins (The Council of Europe Award) sem veitt eru til safns sem talið er hafa lagt eftirtektarvert framlag til aukins skilnings á menningararfleifð Evrópu.
- Micheletti verðlaunin (the Micheletti Award) sem eru bjartsýnisverðlaun til safns á sviði iðnaðar og/eða tækni.

Meginmarkmið EMF er að bæta starfsemi safna með því að ýta undir nýjar hugmyndir varðandi eftirfarandi hjá söfnum:

- Framsetningu og túlkun
- skipulag og stjórnun
- þætti sem hafa áhrif á upplifun safngesta
- stækkun og breikkun gestaflóru
- nýtingu fjármagns á skapandi hátt

Framkvæmdstjóri Safnaráðs gerðist tengiliður EMF á Íslandi (National Correspondent) í desember 2005. Hlutverk tengiliðar EMF felst fyrst og fremst í því að tilkynna EMF um mikilvæga þróun safnamála á Íslandi. Jafnframt skal tengiliður aðstoða dómnefnd European Museum of the Year Award við dómnefndarstörf á Íslandi í tengslum við tilnefnd söfn til samkeppinnar. Einnig skal tengiliður kynna starfsemi EMF og EMYA eftir því sem við á í sínu heimalandi.

Þjóðminjasafn Íslands hlýtur sérstaka viðurkenningu Evrópuráðs safna (European Museum Forum) í Samkeppni European Museum of the Year Award 2006

Þjóðminjasafn Íslands hlaut, eitt þriggja safna, sérstaka viðurkenningu í samkeppni Evrópuráðs



safna um safn Evrópu árið 2006. 34 söfn kepptu til úrslita á hátíðlegri athöfn í Lissabon þann 14. maí 2006 þar sem drottning Belgíu kynnti úrslitin. Þau þrjú söfn sem hlutu sérstakar viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur skipa saman 2.-4. sæti í keppninni. Þessir vinningshafar eru Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn í Árósum og Náttúrsafn í Austurríki. Á viðurkenningarskjali sem Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, tók við segir m.a. að Evrópuráð safna votti Þjóðminjasafni

Íslands virðingu sína fyrir framúrskarandi árangur og að því sé mikil ánægja að veita því viðurkenningu (permanent record of esteem).

: Þjóðminjasafn Íslands

Þjóðminjasafn Íslands var tilnefnt til samkeppni EMYA 2006 af Safnaráði á fundi ráðsins 13. janúar 2005. Ástæða tilnefningar var vel heppnuð endurskipulagning og endurhönnun safnsins, sem skapar mikilvæg viðmið fyrir safnastarf í landinu. Var þetta í annað sinn sem Safnaráð tilnefnir safn til samkeppninnar, en Sildarminjasafnið var tilnefnt til keppninnar árið 2004, fyrst íslenskra safna. Hlaut Sildarminjasafnið Micheletti verðlaunin, sem veitt eru safni á sviði iðnaðar- og/eða tækni, það ár. Dr. Wim van der Weiden, formaður EMF og Massimo Negri, framkvæmdastjóri EMF heimsóttu Ísland til að meta Þjóðminjasafnið í september 2005, en hinn 24. september tóku dómnefndarmenn safnið út, skoðuðu og kynntu sér sýningar, aðstöðu og starfsemi og áttu þess kost að hitta flesta starfsmenn að máli.

Fjörutíu þúsund söfnum viðsvegar í Evrópu stendur til boða þátttaka í þessari virtu keppni ár hvert. Er hefðin sú að um 60% (yfirleitt um 50 söfn) þeirra safna sem tilnefningu hljóta á ári hverju er boðin áframhaldandi þátttaka skv. mati dómnefndar. Skilyrði fyrir þátttöku eru að um sé að ræða nýtt safn, sem opnað var almenningi á sl. tveimur árum, eða að um sé að ræða safn þar sem á sl. tveimur árum hefur farið fram umfangsmikil endurhönnun, endurskipulagning eða breytingar á starfsemi eða aðstöðu.



Special Commendation 2006

Málstofa Safnaráðs með Gísla Sverri Árnasyni – Umdæmissöfn á Íslandi

Safnaráð stóð fyrir málstofu í hádeginu miðvikudaginn 15. nóvember 2006 kl. 12-13, í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands.

Málstofan bar yfirheitið Umdæmissöfn á Íslandi, en er það heiti meistaraverkefnis Gísla Sverris Árnasonar í opinberri stjórnslu. Í rannsókn sinni skoðar Gísl Sverrir möguleika á og mögulega hagræðingu af nýrri skipan safnamála á Íslandi með umdæmissöfnum. Um er að ræða fræðilega athugun á möguleikum tengdum breytingum líkum þeim sem átt hafa sér stað á skipan safnamála á hinum Norðurlöndunum og rætt hefur verið um hér á landi á ýmsum vettvangi. Fimm tegundir safna eru fléttaðar inn í rannsóknina; almenningsbókasöfn, héraðsskjalasöfn, listasöfn, menningarmínjasöfn og náttúrumínjasöfn.

Gísl Sverrir kynnti niðurstöður verkefnisins og svaraði spurningum á málstofunni.

Gísl Sverrir Árnason er sjálfstætt starfandi ráðgjafi á sviði stjórnslu og menningarmála. Hann hefur áður starfað sem forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og sem kynningarstjóri Þjóðminjasafns Íslands. Gísl Sverrir er fyrirverandi forseti bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar og var aðalfulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í Safnaráði til fjögurra ára.

Málstofan var opin öllum - enginn aðgangseyrir.

Erindi Gísla Sverris Árnasonar er aðgengilegt á vefsíðu Safnaráðs www.safnarad.is

Málstofa um aðgengi fatlaðra á söfnum

Safnaráð, Öryrkjabandalag Íslands og Þjóðminjasafn Íslands, stóðu fyrir málstofu um aðgengi fatlaðra á söfnum, fimmtudaginn 23. febrúar 2006 í Þjóðminjasafni Íslands. Á málstofunni var verkefni Norrænu samstarfsnefndarinnar um málefni fatlaðra kynnt og farið yfir stöðuna hvað varðar aðgengi fatlaðra á íslenskum söfnum. Ingemar Oderstedt, ráðgjafi hjá Norræna ráðinu um málefni fatlaðra og Norrænu samstarfsnefndinni um málefni fatlaðra (Nodriská Handikapppolitiska Rådet og NSH- Nordiska Samarbetsorganet för Handikappförogör), var gestur og einn frummælenda málstofunnar.

Samráðsfundur Safnaráðs um menntunarhlutverk safna

Á málþingi Safnaráðs um menntunarhlutverk safna þann 21. október 2005 kom ljósalega fram þörfin á samræmdri stefnu á þessu sviði fyrir íslensk söfn. Meðal frummælenda á málþingi safnaráðs var David Anderson sem starfar sem Director of Learning and Visitor Services hjá Victoria and Albert Museum í London. Í september 1993 fór breska ríkið þess á leit við Anderson að hann ritaði þjóðarskýrslu um menntunarhlutverk safna. Skýrslan, sem kallast A Common Wealth, var gefin út í janúar 1997 og vakti mikla athygli. (Sjá viðtal Guðbrands Benediktssonar og Rakelar Halldórsdóttur við David Anderson, um menntunarhlutverk safna, í Sögu XLIV:1 2006, bls. 7-19 (timariti Sögufélagsins)).

Í samræmi við stefnu þá sem David Anderson vann á sviði menntunarhlutverks safna fyrir breska ríkið vann Safnaráð að sambærilegri stefnumótun á þessu sviði fyrir íslensk söfn árið 2006.

Safnaráð stóð fyrir samráðsfundi um mótun stefnu á sviði menntunarhlutverks safna 19. og 20. október 2006 á Þjóðminjasafni Íslands, Reykjavík. Framkvæmdastjóri Safnaráðs setti á fót starfshóp um undirbúning og framkvæmd samráðsfundarins en í honum áttu sæti:

Álfheiður Ingadóttir, útgáfustjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands
Guðbrandur Benediktsson, deildarstjóri miðlunar, Minjasafni Reykjavíkur
Ólöf K. Sigurðardóttir, deildarstjóri fræðsludeildar Listasafns Reykjavíkur
Rakel Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Safnaráðs
Rakel Pétursdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar Listasafns Íslands
Sigrún Ásta Jónsdóttir, forstöðumaður Byggðasafns Reykjanesbæjar
Sigrún Kristjánsdóttir, fagstjóri safnfræðslu, Þjóðminjasafni Íslands

Markmið fundarins var að tryggja viðtækt samráð þeirra sem starfa að menntunar- og fræðslumálum á söfnum um mótun stefnunnar. Samkvæmt ákvörðun Safnaráðs var starfsmönnum sem sinna fræðslu í söfnum, sem uppfylla skilyrði safnalaga nr. 106/2001, boðin þátttaka í samráðsfundinum. Þátttakendur samráðsfundarins voru:

AlmaDís Kristinsdóttir - Listasafn Reykjavíkur
Arnprúður Ingólfssdóttir - Þjóðminjasafn Íslands
Auður Vésteinsdóttir - Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar
Álfheiður Ingadóttir - Náttúrugripasafn Íslands
Birgitta Spur - Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Björg Erlingsdóttir - Menningarmiðstöð Hornafjarðar
Björn Pétursson - Byggðasafn Hafnarfjarðar
Elfa Hlin Pétursdóttir - Minjasafn Austurlands
Eva G. Þorvaldsdóttir - Grasagarður Reykjavíkur
Guðbrandur Benediktsson - Minjasafn Reykjavíkur

Guðný Dóra Gestsdóttir - Gljúfrasteinn - hús skáldsins
Guðný Gerður Gunnarsdóttir - Minjasafn Reykjavíkur
Haraldur Þór Egilsson - Minjasafnið á Akureyri
Hilmar J. Malmquist - Náttúrufræðistofa Kópavogs
Hlíf Gylfadóttir - Byggðasafn Vestmannaeyja
Jóhanna Þómar - Grasagarður Reykjavíkur
Jón Viðar Jónsson - Leikminjasafn Íslands
Júliana Gottskálksdóttir - Listasafn Einars Jónssonar
Kristján Egilsson - Fiska- og náttúrugripasafn Vestmannaeyja
Lárus Vilhjálmsson - Nýlistasafnið
Lýður Pálsson - Byggðasafn Árnesinga
Margrét Hallgrímsdóttir - Þjóðminjavörður
Martina Pötzsch - Byggðasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga
Ólafur Kvaran - safnstjóri Listasafns Íslands
Ólóf K. Sigurðardóttir - Listasafn Reykjavíkur
Pétur Kristjánsson - Tækniminjasafn Austurlands
Ragnheiður H. Þórarinsdóttir - Menntamálaráðuneyti
Rakel Halldórsdóttir - Safnaráð
Rakel Pétursdóttir - Listasafn Íslands
Sigrún Ásta Jónsdóttir - Byggðasafn Reykjanesbæjar
Sigrún Kristjánsdóttir - Þjóðminjasafn Íslands
Sigurborg Hilmarsdóttir - Minjasafn Reykjavíkur
Stefanía V. Gísladóttir - Bóka- og byggðasafn Norður-Þingeyinga
Thelma Björk Jóhannesdóttir - Listasafn Reykjanesbæjar
Þorleifur Eiríksson - Náttúrugripasafn Bolungarvíkur
Örlygur Kristfinnsson - Sildarminjasafn Íslands

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

Fimmtudagur 19. október 2006:

12:30-13:00 Skráning og afhending gagna (fyrirlestrarsalur ÞJMS).
13:00-13:10 Formaður Safnaráðs kynnir dagskrá og markmið fundarins.
13:10-13:40 Framkvæmdastjóri Safnaráðs kynnir niðurstöður könnunar á stöðu fræðslu- og menntunarmála á söfnum.
13:40-14:20 Umræður.
14:20-14:30 Skipað í hópá.
14:30-14:50 Kaffihlé.
15:00-16:30 Hópastarf 1 (hópum skipt niður á herbergi í ÞJMS).
16:30 Kynning á nýjum skrifstofum og aðstöðu ÞJMS í Setbergi.
17:30 Heimsókn á Landnámssýninguna 871 +/-2.

Föstudagur 20. október 2006:

9:00-10:15 Hópar 1 kynna niðurstöður og skipt í hópá 2 (turn).
10:15-10:30 Kaffihlé (turn).
10:30-12:00 Hópastarf 2.
12:00-13:00 Hádegisverður í boði Safnaráðs í turni ÞJMS.
13:00-15:00 Hópastarf 2.
15:00-15:20 Kaffihlé.
15:20-16:00 Hópar 2 kynna niðurstöður (fyrirlestrarsalur).
16:00 Fundarlok.

Unnið var í hópum að gerð stefnunnar í tveimur áföngum. Í hópastarfi 1 vann starfsfólk frá ólíkum söfnum (ólik að stærð og innihaldi (lista-, náttúru- og minjasöfn)) var unnið að því að setja markmið um ákveðin málefni sem snúa að fræðslustarfi safna, en í hópastarfi 2 vann starfsfólk sambærilegra safna að því að skilgreina leiðir að þeim markmiðum sem sett voru fram í hópastarfi 1.

Hópastarfið fór fram á eftirfarandi hátt:

Hópastarf 1

Hópur 1 – Aðstaða og aðgengi

Hópstjóri: Sigrún Kristjánsdóttir, fagstjóri safnfræðslu Þjóðminjasafni Íslands
Staðsetning: Kennslustofa á 1. hæð (Suðurgata)

Atriði til umhugsunar:

- Hvaða aðstaða er nauðsynleg til að unnt sé að sinna menntunarhlutverki á árangursríkan hátt?
- Hvaða aðstaða þarf að vera á safninu (húsnæði og umhverfi) til að tryggja aðgengi fyrir alla?
- Hvernig geta allir notið menntunar í safninu – huglægt aðgengi?
- Leiðbeiningarrit fyrir arkitekta, hönnuði, safnafólk o.fl.

Þátttakendur:

Björg Erlingsdóttir - Menningarmiðstöð Hornafjarðar
Lárus Vilhjálmsson - Nýlistasafnið
Pétur Kristjánsson - Tækniminjasafn Austurlands
Martina Pötzsch - Byggðasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga
Elfa Hlín Pétursdóttir – Minjasafn Austurlands

Hópur 2 – Fræðslustefna og markmið með fræðslustarfi

Hópstjóri: Ólöf K. Sigurðardóttir, deildarstjóri fræðsludeildar, Listasafni Reykjavíkur
Staðsetning: Turn (Suðurgata)

Atriði til umhugsunar:

- Hvaða markmið eru með fræðslu- og menntunarstarfi safns?
- Menntunarhlutverk safns sem rauður þráður í allri starfsemi safnsins.

Þátttakendur:

Guðný Dóra Gestsdóttir - Gljúfrasteinn, hús skáldsins
Haraldur Þór Egilsson - Minjasafnið á Akureyri
Jóhanna Þormar – Grasagarður Reykjavíkur
Lýður Pálsson - Byggðasafn Árnesinga
Þorleifur Eiríksson - Náttúrugripasafn Bolungarvíkur

Hópur 3 – Sérþekking tengd fræðslumálum á söfnum og mat á fræðslustarfi

Hópstjóri: Guðbrandur Benediktsson, deildarstjóri miðlunar, Minjasafni Reykjavíkur
Staðsetning: Skrifstofa á 4. hæð (Suðurgata)

Atriði til umhugsunar:

- Hvaða fagþekking þarf að vera til staðar á safninu til að unnt sé að sinna menntunarhlutverki á árangursríkan hátt.
- Endurmenntun, símenntun, starfsþróun starfsfólks safna.
- Mat - gæðakröfur, gæðahandbók, reglulegt mat, utanaðkomandi mat.
- Samstarf við aðrar menntastofnanir, samstarf milli safna um fræðslumál.

Þátttakendur:

Arnþrúður Ingólfsdóttir - Þjóðminjasafn Íslands
AlmaDís Kristinsdóttir - Listasafn Reykjavíkur
Júlíana Gottskáldsdóttir - Listasafn Einars Jónssonar
Kristján Egilsson - Fiska- og náttúrugripasafn Vestmannaeyja
Hilmar Malmquist – Náttúrufræðistofa Kópavogs

Hópur 4 – Vefur og rafræn miðlun

Hópstjóri: Rakel Pétursdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar, Listasafni Íslands
Staðsetning: Fundarherbergi 2. hæð (Setberg)

Atriði til umhugsunar:

- Nýting vefsins til að sinna menntunarhlutverki safna.
- Nýting rafrænnar miðlunar í fræðsluskyni.
- Tegund þjónustu, þróun, fjármögnun, gæðakröfur.

Þáttakendur:

Hlíf Gylfadóttir - Byggðasafn Vestmannaeyja
Sigurborg Hilmarsdóttir - Minjasafn Reykjavíkur
Stefanía V. Gísladóttir - Bóka- og byggðasafn Norður-Þingeyinga
Thelma Björk Jóhannesdóttir - Listasafn Reykjanesbæjar
Örlygur Kristfinnsson - Sildarminjasafn Íslands

Hópur 5 – Kynning fræðslustarfs – markhópar og fræðslustarf

Hópstjóri: Sigrún Ásta Jónsdóttir, forstöðumaður Byggðasafns Reykjanesbæjar
Staðsetning: Fundarherbergi inn af kaffistofu, 2. hæð (Setberg)

Atriði til umhugsunar:

- Markaðssetning safna sem hluta af menntakerfinu.
- Söfn sem félagslegur og skapandi vettvangur.
- Markhópar safna – mismunandi leiðir til að ná til mismunandi markhópa.
- Samstarf um kynningu við aðrar söfn, stofnanir, félag, starfsemi.

Þáttakendur:

Auður Vésteinsdóttir - Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar
Álfheiður Ingadóttir - Náttúrugripasafn Íslands
Birgitta Spur - Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Björn Pétursson - Byggðasafn Hafnarfjarðar
Jón Viðar Jónsson - Leikminjasafn Íslands

Hópastarf 2

Hópur 1 – Sér söfn og blönduð söfn (5):

Gljúfrasteinn – hús skáldsins (1)
Leikminjasafn Íslands (1)
Sildarminjasafnið (1)
Tækniminjasafn Austurlands (1)
Menningarmiðstöð Hornafjarðar (1)

Hópur 2 – Náttúrugripasöfn (5-6):

Náttúrugripasafn Bolungarvíkur (1)
Náttúrugripasafn Íslands (1)
Fiska- og náttúrugripasafn Vestmannaeyja (1)
Grasagarður Reykjavíkur (1-2)
Náttúrufræðistofnun Kópavogs (1)

Hópur 2 – Listasöfn (5):

Hafnarborg (1)
Listasafn Einars Jónssonar (1)
Listasafn Reykjanesbæjar (1)

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar (1)
Nýlistasafnið (1)

Hópur 3 - Stór söfn (10 eða fleiri fastráðnir í fullu starfi) (7):

Listasafn Íslands (1)
Listasafn Reykjavíkur (2)
Minjasafn Reykjavíkur (2)
Þjóðminjasafn Íslands (2)

Hópur 4 – Byggðasöfn (8):

Bóka- og byggðasafn Norður-Þingeyinga (1)
Byggðasafn Árnesinga (1)
Byggðasafn Hafnarfjarðar (1)
Byggðasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga (1)
Byggðasafn Reykjanesbæjar (1)
Byggðasafn Vestmannaeyja (1)
Minjasafnið á Akureyri (1)
Minjasafn Austurlands (1)

Fyrir fundinn stóð safnaráð fyrir könnun til að meta aðstæður á þessu sviði safnastarfs. Niðurstöður könnunarinnar voru nýttar á samráðsfundinum sem þarfagreining fyrir markmiðssetningu. Á fundinum voru jafnframt lagðar fram ábendingar sem fram koma í Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2003-2008. Í stefnunni kemur m.a. fram þörfin á **auknu samstarfi** á öllum þessum sviðum, bæði við menntastofnanir, en einnig við aðrar stofnanir, fyrirtæki, félag og aðra aðila. Einnig kemur þar fram þörf á **bættri menntun**, þörf á þróun í átt til **faðlegri aðferða**, þörf á **kröfum um gæði og mat á starfsemi** og þörf á **auknum fjárveitingum** til safnastarfs.

Sú stefna sem sett var fram í framhaldi af samráðsfundi safnaráðs byggir á þeim markmiðum og leiðum sem sérfræðingar safna á sviði miðlunar unnu og samþykktu á fundinum. Endanlegt form stefnunnar var unnið af starfshópi samráðsfundarins. Þau markmið sem sett eru fram í stefnunni eru mikilvægur grundvöllur hennar, en leiðir að markmiðum eru tillögur að útfærslu stefnunnar. Stefnunni er ætlað að vera safnmönnum og forsvarsmönnum safna verkfæri til eflingar og framþróunar menntunarhlutverks safna. Samfara því er stefnunni ætlað að skerpa á vitund safnmanna og forsvarsmanna safna, ráðamanna og annarra um mikilvægi menntunar og fræðslu í söfnum landsins. Stefnan og niðurstöður könnunar á aðstæðum safna fyrir samráðsfundinn er aðgengilegt á vefsíðu safnaráðs www.safnarad.is.

Flugminjanefnd 2006

Unnið var að stefnumótun á sviði flugminja á vegum menntamálaráðuneytis árið 2006, en Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður var formaður nefndar á vegum ráðuneytisins um stefnumótun á sviði flugminja og flugsögu og framkvæmdastjóri Safnaráðs starfsmaður nefndarinnar. Nefndin starfaði frá maí – nóvember 2006 og skilaði að starfi loknu skýrslu til menntamálaráðuneytis byggða á starfi nefndarinnar. Skýrslan er aðgengileg á vefsíðu menntamálaráðuneytis www.menntamalaraduneyti.is.

Könnun Safnaráðs á stöðu skráningar á söfnum 2006

Í mars-apríl 2006 framkvæmdi skrifstofa Safnaráðs könnun á stöðu skráningar á söfnum. Niðurstöður könnunarinnar voru sem hér segir:

Samantekt á niðurstöðum könnunar Safnaráðs á stöðu skráningar mars-apríl 2006:

Pátttakendur: 67 söfn og setur.

Bóka og byggðasafn N.Pingeyinga
Bókasafn Norræna hússins
Búvélasafnið á Hvanneyri
Byggðasafn Akraness og nærsveita
Byggðasafn Árnesinga
Byggðasafn Garðskaga
Byggðasafn Hafnarfjarðar
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna
Byggðasafn Reykjanesbæjar, fimusafn Heimis Stigssonar
Byggðasafn Reykjanesbæjar, ljósmyndasafn
Byggðasafn Reykjanesbæjar, munasafn
Byggðasafn Skagfirðinga
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla
Byggðasafn Vestfjarða
Byggðasafn Ólfuss
Byggðasafnið Hvoll, Dalvík
Byggðasafnið í Skógum
Fiska- og náttúrugripasafn Vestmannaeyja
Flugasafn Íslands
Fræðasetrið í Sandgerði
Grasagarður Reykjavíkur - Hortus Botanicus Reykjavicensis
Heimilisiðnaðarsafnið, Blönduósi.
Listasafn ASÍ
Listasafn Árnesinga
Listasafn Einars Jónssonar
Listasafn Íslands
Listasafn Reykjanesbæjar
Listasafn Reykjavíkur
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Listasafn Vestmannaeyja
Listasetrið Kirkjuhvoll, Akranesi
Ljósmyndasafn Eskifjarðar
Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Ljósmyndasafn Steingríms - Lifið á Sigló
Ljósmyndasafnið Ísafirði
Mats Wibe Lund sf www.myndasafn.is
Menningarmiðstöðin Gerðuberg
Minjasafn Austurlands
Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti
Minjasafn Reykjavíkur
Minjasafnið á Akureyri
Minjassafnið Bustarfelli
MS Reykjavík
Náttúrufræðistofa Kópavogs
Náttúrufræðistofnun Íslands

Náttúrugripasafn Bolungarvíkur
 Náttúrugripasafn Ólafsfjarðar
 Náttúrugripasafnið í Neskaupstað
 Nonnahús
 Nýlistasafnið
 Safn Jóns Sigurðssonar
 Safnahúsið á Húsavík - Ljosmyndasafn
 Safnahúsið á Húsavík - Myndlistarsafn
 Safnahúsið á Húsavík - Náttúrugripasafn
 Safnahúsið á Húsavík - Byggðasafn Suður-Pingeyinga
 Safnasafnið - þ.e. fyrir Alþýðulistarsafn Íslands
 Samgönguminjasafnið Ystafelli
 Sildarminjasafnið á Siglufirði
 Sjóminjasafn Austurlands á Eskifirði
 Skáksamband Íslands/Skákminjasafn
 Smámunasafn Sverris Hermannssonar húsasmiðameistara
 Sænaútsel
 Söfn Löngubúðar, Djúpavogi: Safn Ríkarðs Jónssonar, Ráðherrastofa Eysteins Jónssonar og Byggðasafn.
 Tækniminjasafn Austurlands
 Veiðisafnið ses. - Stokkseyri
 Víkin - Sjóminjasafnið í Reykjavík ses
 Þjóðminjasafn Íslands

Spurning 3: Er safnkostur skráður af annarri stofnun (t.a.m. með samningi við aðra stofnun um skráningu)?

Nei – 65 aðilar (97%)
 Já – 2 aðilar (3%) (Náttúrugripasafnið Bolungarvík – Náttúrustofa Vestfjarða og Veiðisafnið – 30 gripir frá Náttúrufræðistofnun Íslands).

Spurning 4: Stærð safnkosts (fjöldi gripa)?

Svör 30 gripir (Sænaútsel) til 2 millj. gripa og yfir (Ljosmyndasafn Reykjavíkur m. 2 millj. og Þjóðminjasafn með 2.570.000 að meðtöldum ljósmyndum).
 Meðaltal: 106.946 gripir.

Spurning 4 – frh: Um er að ræða nákvæman/áætlaðan fjölda safngripa:

(64 svöruðu)
 Nákvæmur fjöldi: 15 aðilar (23%)
 Áætlaður fjöldi: 49 aðilar (77%)

Spurning 6 – Nýtir stofnunin rafrænt skráningarkerfi?

(67 svöruðu)
 Já – 55 aðilar (82%)
 Nei – 12 aðilar (18%)

Gerð skráningarkerfis:

(64 svöruðu)

Sarpur	17 aðilar – 25%	15 byggðasöfn (88%) og 2 sérsöfn (12%)
Virtual Collection	5 aðilar - 7%	Eingöngu listasöfn
Filemaker Pro	9 aðilar – 13%	Ýmis söfn
Microsoft Access	9 aðilar – 13%	Ýmis söfn
Excel	5 aðilar – 7%	Ýmis söfn
Aðfangabók/spjaldskrá, ekki rafrænt	3 aðilar – 4%	1 listasafn og 2 sérsöfn
Annað	17 aðilar – 25%	Micromark, sérhönnuð kerfi, eigin kerfi, Fotostation, SQL, Fotostation-Fotoware, Lotus

		Notes, Word, Computype barcode skanner system.
--	--	--

Spurning 8: Hlutfall safnkosts sem skráður er í rafrænt skráningarkerfi:

(56 svöruðu)

0-33% skráð	20 aðilar – 36%	
34-66% skráð	9 aðilar – 16%	
67-100% skráð	27 aðilar – 48%	Þar af 23 aðilar – 41% með 90-100% skráð Af þessum 22 eru 10 listasöfn 5 byggðasöfn, 1 ljósm.safn, 5 náttúrusöfn og 2 sérsöfn

Spurning 9: Hlutfall safnkosts sem skráður er í aðfangabók/spjaldskrá (ekki rafrænt):

(61 svöruðu)

0-33% skráð	41 aðili – 69%	
34-66% skráð	10 aðilar – 16%	
67-100% skráð	9 aðilar – 15%	Þar af 3 aðilar – 5% með 90-100% skráð í aðf.bók/spjaldskrá (2 listasöfn og 1 sérsafn)

Spurning 10: Hlutfall safnkosts sem er óskráður:

(65 svöruðu)

0-33% óskráð	43 aðilar – 66%	
34-66% óskráð	7 aðilar – 11%	
67-100% óskráð	9 aðilar – 14%	Þar af 6 aðilar – 9% með 90-100% óskráð (4 sérsöfn, 1 ljósm.safn og 1 byggðasafn)

Íslenski safnadagurinn

Árið 2006 sá skrifstofa Safnaráðs um framkvæmd kynningar á Íslenska safnadeginum í annað sinn.

Íslenski safnadagurinn var fyrst haldinn 1997, að frumkvæði Íslandsdeildar ICOM, alþjóðaráðs safna. Kynning dagsins var til margra ára í umsjá Íslandsdeildar ICOM, Íslenski safnadagurinn er annar sunnudagur í júlí ár hvert.

Markmið Íslenska safnadagsins

Markmið með íslenska safnadeginum er að vekja fólk til vitundar um mikilvægi faglegrar varðveislu og miðlunar hinna sameiginlegu verðmæta þjóðarinnar og jafnframt um þá einstöku leið til lífandi þekkingaröflunar og afþreyingar fyrir alla, sem stofnanir í safnastarfi ástunda.

Dagskrá Íslenska safnadagsins

Söfn eru árlega hvött til að halda daginn hátíðlegan á einn eða annan hátt í dagskrá sinni. Sl. ár hefur slagorð dagsins verið "fyrir fjölskylduna" og söfn hvött til að bjóða upp á dagskrá fyrir alla fjölskylduna í tilefni dagsins. Flestöll söfn bjóða jafnframt upp á ókeypis aðgang í tilefni dagsins. Íslandsdeild ICOM sá til margra ára um framkvæmd á kynningu dagskrár Íslenska safnadagsins. Undirbúningsnefnd Íslenska safnadagsins, sem í sitja, ásamt frkv.stj. Safnaráðs, fulltrúar höfuðsafna (Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Íslands og Náttúruminjasafns Íslands), Íslandsdeildar ICOM og Félags íslenskra safna og safnmanna, sér um að ákvarða útfærslu á kynningu og skrifstofa Safnaráðs sér um frekari framkvæmd.

Auglýsing í Morgunblaðinu

Hefðin er sú að stór sameiginleg auglýsing safna er birt í Morgunblaðinu daginn fyrir Íslenska safnadaginn, þar sem dagskrá safnadagsins er kynnt og athygli vakin á blómlegri starfsemi á þessu sviði.

Yfirsíkt Íslenska safnadagsins sunnudaginn 9. júlí 2006 var *fyrir fjölskylduna*. Dagskrá dagsins var eftirfarandi.

Íslenski safnadagurinn, sunnudaginn 9. júlí 2006

fyrir fjölskylduna

Dagskrá:

Höfuðborgarsvæðið

Byggðasafn Hafnarfjarðar

Vesturgötu 8, 220 Hafnarfirði

Opið kl. 11-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Í Sívertsens-húsinu er heimili yfirstéttafjölskyldu frá upphafi 19. aldar sýnt. Siggubær er sýnishorn af alþýðuheimili frá fyrri hluta 20. aldar auk sýningarinnar „Álfar og álfatrú“. Pakkhúsið hysir þrjár sýningar: Leikfangasýningu, „Þannig var“ og „Jæja, eru þeir þá komnir“ um hernám Breta hér á landi.

Gljúfrasteinn - hús skáldsins

Mosfellsdal, 270 Mosfellsbæ

Opið kl. 9-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Á safnadaginn 9. júlí verða haldnir tónleikar í stofunni á Gljúfrasteini kl. 16:00. Nánari upplýsingar á: www.gljufurasteinn.is eða í síma: 586 8066.

Grasagarður Reykjavíkur

Laugardal, 104 Reykjavík

Opið kl. 10-22

Ókeypis aðgangur.

-liljur, lyklar og laukar- Í tilefni af íslenska safnadeginum mun Ingunn J. Óskarsdóttir, garðyrkjufræðingur vera með fræðslu um „Fjölærar jurtir“ en Ingunn er umsjónarmaður þeirrar deildar. Mæting er í lystihúsinu. Ókeypis fræðsla og skemmtun, allir velkomnir.

Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar

Strandgötu 34, Hafnarfirði

Opið kl. 11-17

„Hín blíðu hraun“ Sumarsýning Hafnarborgar.

Sýningin er í öllum sölum Hafnarborgar og á svæði Skólgræktarfélagshafnarfjarðar.

Listasafn Einars Jónssonar

v/Eiríksgötu og Freyjugötu, 101 Reykjavík

Opið kl. 14-17

Ókeypis aðgangur.

Listasafn Íslands

Frikirkjuvegi 7, 101 Reykjavík

Opið kl. 11-17

Ókeypis aðgangur.

Á sumarsýningu safnsins, LANDSLAGIÐ OG ÞJÓÐSAGAN er fjallað um íslenska landslagslist frá upphafi 20. aldar og túlkun þjóðsagna. Verk eftir 27 íslenska listamenn, úr eigu safnsins. Leiðsögn kl. 14.00 í fylgd Rakelar Pétursdóttur safnafræðings. Opið í KAFFITÁR á kaffistofu. Verið velkomnir!

Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhús

Tryggvagata 17, 101 Reykjavík

Opið kl. 10-17

Sýning: Carnegie Art Award 2006. Leiðsögn kl. 15.

2

Listasafn Reykjavíkur - Kjarvalsstaðir

Flókagötu, 105 Reykjavík

Opið kl. 10-17

Sumarsýning úr safneigninni. Leiðsögn kl. 15.

Listasafn Reykjavíkur - Ásmundarsafn

Sigtúni, 105 Reykjavík

Opið kl. 10-16

Sýning: Ásmundur Sveinsson - Maður og efnið.

Listasafn ASÍ

Freyjugötu 41, 101 Reykjavík

Opið kl. 13-17

Aðgangur ókeypis

AKVARELL ASÍ REYKJAVÍK

Sýning á vatnslitamyndum eftir Eirik Smith, Daða Guðbjörnsson, Hafstein Austmann og Kristínu Þorkelsdóttur auk vatnslitamynda eftir Svavar Guðnason í eigu Listasafns ASÍ.

Kl. 15.00: Listamannaspjall. Listamennirnir taka á móti gestum og ræða verk sín. Léttar veitingar í boði safnsins.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

Laugarnestanga 70, 105 Reykjavík

Opið í safninu og kaffistofunni kl. 14-17.

Aðgangur ókeypis.

Klukkan 14:30 og 15:30 verður leiðsögn um sumarsýningu safnsins á verkum eftir Sigurjón Ólafsson.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Grófarhúsi, Tryggvagötu 15, 6. hæð, 101 Reykjavík

Opið 13-17

Aðgangur ókeypis.

Sjá nánar: www.ljosmyndasafnreykjavikur.is

Lyfjafræðisafnið og er við Neströð á Seltjarnarnesi

Við Neströð, 170 Seltjarnarnesi

Opið kl. 13-17

Aðgangur ókeypis.

Lyfjafræðingar verða á staðnum og sýna gestum hvernig lyf voru framleidd í apótekum.

Minjasafn Reykjavíkur - Árbæjarsafn

Kistuhyl, 110 Reykjavík

Opið kl. 10-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Dagskrá í tengslum við sýninguna „Diskó & Pönk“.

Messa í gömlu torfkirkjunni klukkan 14:00.

Minjasafn Reykjavíkur - Landnámssýningin Reykjavík 871+/- 2

Aðalstræti 16, 101 Reykjavík

Opið kl. 10-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Leiðsögn um sýninguna klukkan 13:00, 14:00 og 15:00.

Náttúrugripasafn Íslands

Hlemmi 5, gengið inn frá Hverfisgötu gegnt Lögreglustöðinni

Opið kl. 13-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

3

Í safninu er reynt að gefa gestum yfirlit yfir fegurð og fjölbreytni í náttúru landsins, myndunarsögu þess og lífríki. Þar má sjá uppstoppuð dýr, plöntur, steingervinga, helstu bergtegundir, steindir og holufyllingar. Ennfremur uppstoppaðan geirflugl, einn fára sem til eru í heiminum.

Víkin – Sjóminjasafnið í Reykjavík

Grandagarði 8, 101 Reykjavík

Opið kl. 11-17

Aðgangur ókeypis á Íslenska safnadaginn.

Dagskrá:

14.00: Guðrún Helgadóttir, rithöfundur og sjómansdóttir, les úr verkum

sínum. 15.30: Hinrik Bjarnason leiðir fólk um sýninguna Úr ranni forfeðranna.

13.30 - 16.30: Netahnyting.

Heitt á könnunni.

Þjóðmenningarhúsið

Hverfisgötu 15, í hjarta Reykjavíkurborgar við Arnarhól. Stutt í strætó!

Opið kl. 11-17

Ókeypis aðgangur.

Opið hús með aðgangi að öllum sýningum, verslun og veitingastofu. Hin rómaða sýning *Handritin*.

Tvær splunkunýjar sýningar: *Íslensk tiskuhönnun* sem sýnir fatnað frá nokkrum kunnum hönnuðum og

Í spegli Íslands sem fjallar um Íslandslýsingar erlendra manna fyrr á öldum. Auk fleiri sýninga.

Velkomin!

Þjóðminjasafn Íslands

við Suðurgötu, 101 Reykjavík

Opið kl. 10-17

Sýningin Huldukonur í íslenskrí myndlist í Bogasal. Sýningin Ísland, með ljósmyndum Alfred Ehrhardt

og Mark Watson, í Myndasal. Kristnihátíðarsjóðssýning um nýlegar fornleifarannsóknir í

Rannsóknarsýningarými. Sýnishorn af gamla vaxmyndasafninu á 3.hæð. Opið á kaffistofu Kaffitárs og í safnbúð.

Vesturland og Vestfirðir

Búvélasafnið á Hvanneyri

Hvanneyri í Borgarfirði

Opið kl. 12-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Sýning: Frá árdögum tæknivæðingar íslensks landbúnaðar. Leiðsögn veitt. Nýtt sýningarefni, m.a.

Kýrin og við – órsaga nautgriparæktar og mjólkurframleiðslu á Íslandi.

Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla

Norska húsinu í Stykkishólmi

Opið kl. 11-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Brot úr sögu verslunar við Breiðafjörð 1400-1900, Heldra heimili í Stykkishólmi á 19. öld, opið safnloft, gamaldags krambúð, o.fl.

Ljósmyndasafnið Ísafirði

Safnahúsinu Eyrartúni, Ísafirði

Opið kl. 13-16

Aðgangur ókeypis.

Safnahús Borgarfjarðar

Bjarnarbraut 4-6, Borgarnesi

Opið kl. 13-17

Aðgangur ókeypis.

Sýningar: Vettlingasýning Helgu Hansdóttur, Listmunir Lúkasar Kárasonar, Ljósmyndasýning Hörpu

Ingimundardóttur, Munir Þórðar blinda og munir úr sögu mjólkuriðnaðar í Borgarnesi.

4

Norðurland

Bóka og byggðasafn N-Þingeyinga

við Snartarstaði, 671 Kópaskeri.

Opið kl. 13-17

Opnuð verður sýning á Þjóðbúningum og ýmsu öðru þeim tengdum 7. júlí 2006.

Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna

Reykir, Hrótafjörður

Opið kl. 10-18

Á safninu er að finna gott sýnishorn af munum frá gamla bændasamfélaginu. Þar er einnig sérstök sýning um hákarlaveiðar og hákarlaveiðiskipið Ófeig. Í sumari er á safninu listasýningin Á og kýr, sem eru 365 vatnslitamyndir af kúm eftir Jón Eiríksson, bónda og listamann frá Þúrfelli í Miðfirði.

Byggðasafnið Hvoli, Dalvík

Safnahúsinu Hvoli, Dalvík

Opið kl. 11-18

Kl. 14.30 verður söngvaka á safninu. Þórarinn Hjartarson og Þuríður Vilhjálmsdóttir kynna íslensk þjóðlög og sönglög.

Hafissetur á Blönduósi

Hillebrandtshúsi, Blöndubbyggð 2, Blönduósi

Opið kl. 10-18

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Heimilisiðnaðarsafnið

Árbraut 29, Blönduósi.

Opið kl. 10-17

Kaffi og kleinur innifalið í aðgangseyri. Ókeypis aðgangur fyrir börnin.

Frá kl. 14 - Lífandi safn - tóvinna, vefnaður, útsaumur, hekklað, gimbað, knipplað. Vakin athygli á einkasýningu Steinunnar Sigurðardóttur, fatahönnuðar en í hönnun Steinunnar gættir áhrifa frá íslenska kvenbúningnum. Aðrar sýningar breytilegar frá ári til árs.

Safnahúsið á Húsavík

Stóragarði 17, 640 Húsavík

Opið kl. 10-18

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Byggðasafnið Grenjaðarstað

Aðaldal, 641 Húsavík

Opið kl. 10-18

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Samgönguminjasafnið Ystafelli

Ystafelli 3, Þingeyjarsveit, 641 Húsavík

Opið kl. 10-20

Ókeypis aðgangur á safnið 8. og 9. júlí vegna opunar nýja hússins.

8. júlí verður opnaður nýr sýningarsalur við safnið.

Akureyri

Minjasafnið á Akureyri

Aðalstræti 58, Akureyri

Opið kl. 10-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

5

Á Minjasafninu eru sýningarnar Eyjafjörður frá öndverðu og Akureyri- bærinn við pollinn auk sumarsýningarinnar Ef þú giftist, sem sett er upp í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands.

Gamli bærinn í Laufási

Grýtubakkahreppi, 601 Akureyri

Opið kl. 9-18

Ókeypis aðgangur í Gamla bæinn á Íslenska safnadaginn.

Af tilefni safnadagsins verður boðið uppá tilbreytingu í anda Íslenskra Þjóðhátta Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili í gamla bænum. Auk þess verður kaffihlaðborð í gamla prestsetrinu.

Flugsafn Íslands

Akureyrarflugvelli

Opið kl. 14-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Aðgöngumiðahappdrætti, dregið 31. ágúst, vinningur er utanlandsferð með Iceland Express. Flugsaga Íslands í máli og myndum. Forvitnilegar flugvélar og flugminjar. Myndasýning með texta um flugsögu Íslands. Sérýning um Agnar Kofoed Hansen.

Íðnaðarsafnið

Krókeyri, Akureyri

Opið kl. 13-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Sigling fyrir alla fjölskylduna á Húna II frá Torfunesbryggjunni kl. 13, 14:30 og 16.

Austurland

Minjasafn Austurlands

Egilsstöðum

Opið kl. 11-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Ný grunnsýning: baðstofulíf, þjónusta, skógurinn, fljótið og þjóðargersemar frá Þjóðminjasafninu- sjón er sögu

rikari! Opið alla daga kl. 11-17, nema miðvikudaga 11-21 (ókeypis aðgangur á miðvikud.)

Þjóðháttadagar og

lífandi dagskrá í sumar, sjá www.minjasafn.is

Meningarmiðstöð Hornafjarðar - Byggðasafn Gömlubúð

við Hafnarbraut, Höfn

Opið kl. 9-17

Aðgangur ókeypis

Meningarmiðstöð Hornafjarðar - Jöklasýningin á Höfn

Hafnarbraut 30, Höfn

Opið kl. 9-21

Aðgangseyrir kr. 600

Ókeypis fyrir 16 ára og yngri.

Minjasafnið Bustarfelli

Vopnafirði

Í leik og starfi.

Fjölbreytt dagskrá frá kl. 14-17

Aðgangur kr. 500, *fritt fyrir börnin.*

Heitt á könnunni og lummur steiktur á hlóðum. Verið velkomin.

Safnahúsið í Neskaupstað

Náttúrugripasafnið í Neskaupstað

Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar í Neskaupstað

6

Tryggvasafn - Málverkasafn Tryggva Ólafssonar í Neskaupstað

Egilsbraut 2, 740 Neskaupstaður.

Opið kl. 13-17, utan þess tíma, eftir samkomulagi við forstöðumann

Fritt fyrir börn og eldri borgara.

Íslenska Stríðsárasafnið á Reyðarfirði

Spítalækampi við Hæðargerði, 730 Reyðarfjörður.

Opið kl. 13-18, utan þess tíma, eftir samkomulagi við forstöðumann.

Fritt fyrir börn og eldri borgara.

Sjóminjasafn Austurlands á Eskifirði

Strandgata 39b, 735 Eskifjörður.

Opið kl. 13-17, utan þess tíma, eftir samkomulagi við forstöðumann.

Fritt fyrir börn og eldri borgara.

Suðurland

Byggðasafn Vestmannaeyja

Safnahúsinu við Ráðhúströð, Vestmannaeyjum

Opið kl. 11-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Bæjarbúum og öðrum boðið að koma í heimsókn og skoða muni úr sögu eyjanna, tengda sjó og sjósókn.

Byggðasafnið í Skógum/Samgöngusafnið í Skógum

Staðsetning: Skógum undir Eyjafjöllum

Opið kl. 9-18:30

Aðgangur kr. 700 fyrir fullorðna, *ókeypis fyrir börn yngri en 16 ára. Afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.*

Sérstök dagskrá á safnadaginn: Jazztónleikar verða í Samgöngusafninu á laugardag milli kl. 14 og 17

Listasafn Árnesinga

Austurmörk 21, Hveragerði

Opið kl. 11-17

Aðgangur ókeypis.

List, listiðnaður og hönnun frá Færeyjm ásamt textilhönnun eftir Ríkey Kristjánsdóttur í hönnunarstofu

Húsið á Eyrarbakka - Byggðasafn Árnesinga

Opið kl. 11-17

„Einfarar“, sýning á listaverkum eftir þekktu íslenska naivistu, í borðstofu Hússins á Eyrarbakka. Fluglar

og egg, náttúrugripasýning í Eggjaskúrnum.

14-16: Tónlistardagskrá í stásstofunni. Ingi Heiðmar Jónsson stýrir fjölbreyttri dagskrá, sungið, spunnið og kveðið. Einsöngur Halla Dröfn Jónsdóttir.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Opið kl. 11-17

Fornleifastaðir á Eyrarbakka, ljósmyndir eftir Lindu Ásdisardóttur. Bátar og bifreiðar fyrir utan safnið.

13:30: Eyrarbakki: Gönguferð á vegum Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka undir leiðsögn Magnúsar Karels Hannessonar fyrrv. oddvita Eyrarbakkahepps. Lagt af stað frá Húsinu.

Rjómabúið á Baugsstöðum

Opið kl. 13-18

100 ára gamalt rjómabú með upphaflegum vélum og áhöldum sem framleiddi „Danish butter“ frá 1905 til 1952.

Þuríðarbúið á Stokkseyri

Opið allan daginn

Þuríðarbúið á Stokkseyri: Sjóbúið með gamla laginu, reist til minningar um Þuríði Einarsdóttur formann.

7

Veiðisafnið, Stokkseyri

Opið kl. 11-18

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Veiðisafnið er sérsafn tengt skotveiðum, þar má finna uppstoppuð veiðidýr ásamt veiðitengdum munum, skotvopnum, íslenskum sem erlendum og er einstök uppsetning sýningar safnsins umtöluð. Þar eru einnig tvær Drifu haglabyssur Jóns heitins Björnssonar frá Dalvík. en hann smíðaði alls 120 haglabyssur.

Reykjanes

Byggðasafn Garðskaga

Garðskaga við vitann.

Opið kl 13-17

Aðgangur ókeypis.

Byggðasafn Reykjanesbæjar

Njarðarbraut 3, Innri Njarðvík og Stekkjarkot

Opið kl. 13-17

Aðgangur ókeypis.

Stekkjarkot er endurbyggt sjávarkot en mörg slík voru á Suðurnesjum fyrr á tíð. Í túninu er víkingaskipið Íslendingur. Hinum megin götunnar er Byggðasafnið með opna munageymslu sem tekin var í notkun á þessu ári. Nú leggjum við áherslu á iðnminjar, sýnum margvísleg verkfæri gömul og nýleg.

Listasafn Reykjanesbæjar í Duushúsum

Duusgötu 2-10, Reykjanesbæ

Opið kl. 13-17

Aðgangur ókeypis

Sýningin Tíminn tvíannaður, alþjóðlegi listhópurinn Distill.

Bátafloki Gríms Karlssonar í Duushúsum

Duusgötu 2-10, Reykjanesbæ

Opið kl. 13-17:30

Aðgangur ókeypis

87 bátalíkon ásamt munum og myndum tengdum sjósókn.

Poppminjasafn Íslands í Duushúsum

Duusgötu 2-10, Reykjanesbæ

Opið kl. 13-17:30 alla daga

Aðgangur ókeypis

Sýningin Stuð og friður, áttundi áratugurinn í poppsögu íslendinga.

Vefsíða Safnaráðs

Framkvæmdastjóri Safnaráðs er jafnframt umsjónarmaður og ritstjóri vefsíðu ráðsins. Framkvæmdastjóri hannaði og opnaði vefsíðu fyrir ráðið í maímánuði 2003. Vefsíðan var þá unnin í vefsíðugerðarforritið FrontPage. Í október 2005 gerði Safnaráð samning við EC-hugbúnað um hýsingu vefsíðu Safnaráð og útfærslu í EC-web vefumsjónarkerfi.

Vefsíðan hefur slóðina www.safnarad.is. Á vefsíðu ráðsins eru allar upplýsingar um ráðið og starfsemi þess, en einnig er þar að finna leiðbeiningar og fróðleik um hina ýmsu þætti safnastarfs.

Safnastarf 2006

Þættir í íslensku safnastarfi 2006:

- Þjóðminjasafn Íslands hlaut sérstaka viðurkenningu í samkeppni Evrópuráðs safna (European Museum Forum) um safn Evrópu 2006 (European Museum of the Year Award 2006). Safnaráð tilnefndi safnið til keppinnar.
- Listasafn Íslands bauð upp á ókeypis aðgang að safninu fyrir almenning frá 24. febrúar 2006, með stuðningi Samson eignarhaldsfélags.
- Farskóli safnmanna var haldinn 27. – 29. september 2006 á Egilsstöðum, en farskólinn var í boði Minjasafns Austurlands það ár.
- Haustið 2006 bauð Háskóli Íslands fyrst upp á meistaranám í Hagnýtri menningarmiðlun við Sagnfræði- og heimspekideild.
- Endurmenntunarnámskeið Félags íslenskra safnmanna í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands fór fram 9. og 10. mars 2006 og fjallaði um fyrirbyggjandi forvörslu.
- Íslenski safnadagurinn var sunnudaginn 9. júlí 2006.
- Á árinu 2006 var fyrsta ICOM ráðstefnan á Íslandi: Ráðstefna Byggðasafnanefndar ICOM (ICOM-ICR), 30. ágúst – 4. september.
- Þjóðminjasafn Íslands hlaut viðurkenningu Sjálfsbjargar fyrir gott aðgengi fyrir fatlaða í endurgerðu húsnæði safnsins og á sýningum þess.
- Minjasafn Reykjavíkur hlaut Íslensku safnaverðlaunin 2006.
- Minjasafn Reykjavíkur hlaut NODEM verðlaunin 2006 fyrir Landnámssýninguna 871 +/-2.
- Bandaríski herinn yfirgaf varnarliðssvæðið á Reykjanesi eftir áratuga setu þar. Komu upp ýmsar spurningar varðandi varðveislu heimilda í því samhengi, sér í lagi samtímaheimilda.
- Samráðsfundur Safnaráðs um menntunarhlutverk safna 19. og 20. október 2006.
- Málstofa Safnaráðs, Öryrkjabandalags Íslands og Þjóðminjasafns Íslands, um aðgengi fatlaðra á söfnum, fimmtudaginn 23. febrúar 2006 í Þjóðminjasafni Íslands.
- Málstofa Safnaráðs með Gísla Sverri Árnasyni um Umdæmissöfn á Íslandi 15. nóvember 2006, í Þjóðminjasafni Íslands.

Menntun safnmanna

Stofnanir í safnastarfi sinna hinu tímafreka og vandasama starfi sem liggur að baki vinnslu heimilda, efnislegra og huglægra, frá vali að kynningu. Valið, söfnun, felur óhjákvæmilega í sér gildismat, val á því hvað skal varðveita og verja frá því að falla í tímans gin. Það er meðal annars sökum þessarar nauðsynar á gildismati sem mikilvægt er að á söfnum starfi fagfólk. Ábyrgðin er stór, því það sem er safnað myndar safnkost safnsins, þær heimildir sem varðveittar eru og miðlað til komandi kynslóða. Mikilvægt er að ekki einungis söfnun heldur meðferð safnkosts í heildina, varðveisla, forvarsla, rannsóknir og miðlun auk söfnunar, sé vandað og faglegt til að það beri árangur og að þeir sem koma að því starfi hafi til að bera fagþekkingu.

Menntun safnmanna hér á landi hefur hingað til oftast tengst viðfangsefni safnsins á einhvern hátt.

Skv. upplýsingum sem Safnaráð safnaði árið 2004 var menntun forstöðumanna 61 stofnunar í safnastarfi af hinum ýmsa toga, en enginn þeirra hafði lokið háskólagráðu með safnafræði sem aðalgrein. Nær helmingur þessa hóps forstöðumanna (30 aðilar) hafði menntun úr eftirfarandi greinum, sem tengjast viðfangsefnum safna:

Listasaga	4
Ljósmyndun	5
Myndlist	4
Sagnfræði	10
Þjóðfræði	4
Bókasafnsfræði	3
Samtals:	30

Safnafræði:

Safnafræði sem sérstök fræðigrein hefur verið kennd víða um heim árábil þó greinin sé nokkuð ný af nálinni. Þar til nýlega hefur ekki verið boðið upp á sérstakt nám í safnafræði hér á landi og hafa fáir Ísendingar hingað til leitað þessarar menntunar erlendis.

Safnafræði við Háskóla Íslands:

Á vefsíðu Háskóla Íslands fyrir safnafræði kemur fram að frá árinu 2001 hefur námskeið í safnafræði verið kennt innan mannfræði- og þjóðfræðiskorar við Háskóla Íslands. Haustið 2004 var kennsla í safnafræði aukin upp í 30 eininga fag (unnt að taka safnafræði sem aukafag til BA-prófs). Námið er samstarfsverkefni Félagsvísindadeildar og Heimspékideildar.⁵

Á árinu 2005 komu til tals hugmyndir um diplóma- eða meistaranám í safnafræði við Háskóla Íslands þessar hugmyndir voru þróaðar áfram og vorið 2006 hittist starfshópur um uppbyggingu meistaranáms í safnafræði við Háskóla Íslands í fyrsta sinn. Starfshópurinn var skipaður af félagsvísindadeild Háskóla Íslands og á framkvæmdastjóri Safnaráðs sæti í honum fyrir hönd Safnaráðs. Frkv.stj. tók síðar við formennsku í starfshópnum. Helsta verkefni starfshópsins á árinu var fjármögnun námsins.

Tengt sérnám:

Háskóli Íslands:

Haustið 2006 bauð Háskóli Íslands fyrst upp á meistaranám í Hagnýtri menningarmiðlun við Sagnfræði- og heimspékideild. Um námið segir á vefsíðu háskólans „Nám í hagnýtri menningarmiðlun er gagnlegur undirbúningur fyrir þá sem vilja leggja fyrir sig störf í menningargeiranum, t.d. á sviði menningarblaðamennsku, við sjónvarps- og útvarpsþáttagerð, við auglýsingar og almannatengsl, við hvers kyns útgáfu, við menningartengda ferðaþjónustu, við sýningagerð og í tengslum við söfn og sýningarsali, sem og aðrar menningarstofnanir. Auk þessa er hagnýt menningarmiðlun hentug þjálfun fyrir fræðimenn sem vilja koma rannsóknnum sínum á framfæri á fjölþættan hátt.“⁶

Kennaraháskóli Íslands:

Á árinu 2005 komu til tals hugmyndir um meistaranám í safnkennslu við Kennaraháskóla Íslands.

Viðskiptaháskólinn á Bifröst:

Frá árinu 2004 hefur Viðskiptaháskólinn á Bifröst, viðskiptadeild, boðið upp á Meistaranám í menningar- og menntastjórnun, en námið fjallar um stofnanir sem ekki eru reknan í hagnaðarskyni og kemur lítillaga inn á safnafræði.

Háskólinn á Hólum:

Háskólinn á Hólum bauð upp á nýtt námsefni á árinu 2004 er kallast „Staðarverðir“. Markmiðið með náminu er skv. námskeiðslýsingu frá skólanum „... að mennta / þjálfra fólk til móttöku gesta á sögu-

⁵ <http://www.hi.is/~terry/museology/>

⁶ http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/sagnfraedi_og_heimspekideild/nam/hagnyt_meningarmidlun


og menningarstöðum þjóðarinnar (Skálholt, Reykholt, Hólar, Gásir, osfrv.), í friðuðum húsum og á öðrum stöð þar sem menningarminjar er að finna, sem og á söfnum og sýningum sem byggjast á sögu og menningu (sbr. byggðasöfn, Njáluslóðir, Eiriksstaðir, galdrasýning, o.s.frv.).“

Safnasjóður 2006

Fjárveiting í Safnasjóði á fjárlögum 2006 var 83.700.000 kr. Alls sóttu 65 aðilar um styrki úr sjóðnum fyrir árið 2006. Sótt var um rekstrarstyrki að heildarupphæð 78.000.000 kr.⁷ og verkefnastyri að heildarupphæð 76.680.000 kr. Í heildina var því sótt um styrki að upphæð 154.680.000 kr.

Af 65 umsóknaraðilum hlutu 49 styrki samtals að upphæð 74.100.000 kr. Einungis var unnt að mæta 48% af þörf safna fyrir fé úr sjóðnum m.v. umsóknir.

Hlutfall veittra styrkja úr Safnasjóði 2003-2006 af heildarupphæð umsókna



Styrkveitingar 2006 voru eftirfarandi:

Úthlutun úr Safnasjóði 2006

Samþykkt af Safnaráði á fundi 16. febrúar 2006.

Safn:	rekstrarst. 2006	verkefnast. 2006	Styrkir Samtals:
Bóka- og byggðasafn N-Þing.	1.000.000 kr.	400.000 kr.	1.400.000 kr.
Byggða - bæjarbókasafn Ölfuss	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Byggðasafn Dalamanna	0 kr.	250.000 kr.	250.000 kr.
Byggðasafn Garðskaga	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Byggðasafn Hafnarfjarðar	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	1.500.000 kr.	400.000 kr.	1.900.000 kr.
Byggðasafn Rangæinga og V-Skaftfell. Skögum	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Byggðasafn Reykjanesbæjar	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Byggðasafn Skagfirðinga	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Byggðasafn Snæfellinga og Hn.d.	1.600.000 kr.	500.000 kr.	2.100.000 kr.
Byggðasafn Vestfjarða	1.500.000 kr.	200.000 kr.	1.700.000 kr.

⁷ Ekki var tilgreind upphæð þegar sótt var um rekstrarstyrk á umsóknareyðublaði. Heildarupphæðin er miðuð við 1,5 millj. kr. sem heill rekstrarstyrkur.

SAFNARÁÐ

The Museum Council of Iceland

Byggðasafnið Hvoll, Dalvík	1.500.000 kr.	400.000 kr.	1.900.000 kr.
Draumasetrið Skuggsjá ehf.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Fiska- og náttúrugripasafn Vestmannaeyja	1.500.000 kr.	0 kr.	1.500.000 kr.
Flugsafn Íslands	1.000.000 kr.	0 kr.	1.000.000 kr.
Hafnarborg	1.600.000 kr.	0 kr.	1.600.000 kr.
Heimilisíðnaðarsafnið á Blönduósi	1.000.000 kr.	300.000 kr.	1.300.000 kr.
Húsið - Byggðasafn Árnesinga	2.400.000 kr.	400.000 kr.	2.800.000 kr.
Húsið - Rjómabúið á Baugsstöðum	0 kr.	300.000 kr.	300.000 kr.
Húsið - Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	0 kr.	300.000 kr.	300.000 kr.
Hvalamiðstöðin á Húsavík	1.600.000 kr.	0 kr.	1.600.000 kr.
Iðnaðarsafnið á Akureyri	1.600.000 kr.	250.000 kr.	1.850.000 kr.
Kirkjubæjarstofa		0 kr.	0 kr.
Leikminjasafn Íslands	1.000.000 kr.	100.000 kr.	1.100.000 kr.
Listasafn Árnesinga	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Listasafn Reykjanesbæjar	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Listasafn Reykjavíkur	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Ljósmyndasafn Sigurgeirs Jónssonar	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Menn.m.st. Hornafj. Byggðasafn A-Skaft.	2.400.000 kr.	0 kr.	2.400.000 kr.
Menn.m.st. Hornafj. Listasafn A-Skaft.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Menn.m.st. Hornafj. Náttúrugripasafn	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Minjasafn Egils Ólafssonar	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Minjasafn Reykjavíkur	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Minjasafnið á Akureyri	1.600.000 kr.	200.000 kr.	1.800.000 kr.
Minjasafnið Bustarfell	600.000 kr.	100.000 kr.	700.000 kr.
Náttúrufræðistofa Kópavogs	1.600.000 kr.	200.000 kr.	1.800.000 kr.
Náttúrufræðisöfn Skráningarkerfi	0 kr.	0 kr.*	0 kr.
Nonnahús	0 kr.	200.000 kr.	200.000 kr.
Nýllistasafnið	0 kr.	500.000 kr.	500.000 kr.
Safnahús Borg.fj. Byggðasafn Borgarfj.	1.000.000 kr.	100.000 kr.	1.100.000 kr.
Safnahús Borg.fj. Listasafn Borgarness	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Safnahús Borg.fj. Náttúrugripasafn	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Safnahús Vestm.e. Byggðasafn Vestm.e.	1.500.000 kr.	0 kr.	1.500.000 kr.
Safnahús Vestm.e. Listasafn Vestm.e.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Safnahús Vestm.e. Ljósmyndasafn	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Safnahúsið á Egilst. Minjasafn Austurlands	1.600.000 kr.	500.000 kr.	2.100.000 kr.
Safnahúsið á Egilst. Minjasafn Austurlands	0 kr.	350.000 kr.	350.000 kr.
Safnahúsið á Húsav. Byggðasafn S-Þing	2.400.000 kr.	0 kr.	2.400.000 kr.
Safnahúsið á Húsav. Myndlistarsafn	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Safnahúsið á Húsav. Náttúrugripasafn	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Safnahúsið Eyrartúni Listasafn Ísafjarðar	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Safnahúsið Eyrartúni Ljósmyndasafnið Ísaf.	0 kr.	300.000 kr.	300.000 kr.
Safnasafnið	1.000.000 kr.	200.000 kr.	1.200.000 kr.
Safnast.Fjarðab. Náttúrugr.safnið í Nesk.st.	0 kr.	300.000 kr.	300.000 kr.
Safnast.Fjarðab. Sjóminjasafn Austurl.	1.000.000 kr.	200.000 kr.	1.200.000 kr.
Safnasv.Akran. Byggðasafn Akraness og nærsv.	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Samgönguminjasafnið Ystafelli	1.000.000 kr.		1.000.000 kr.
Sauðfjársetur á Ströndum	1.500.000 kr.	300.000 kr.	1.800.000 kr.
Sildarminjasafnið á Siglufirði	1.600.000 kr.	500.000 kr.	2.100.000 kr.
Tækniminjasafn Austurlands	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Veiðisafnið	1.000.000 kr.	250.000 kr.	1.250.000 kr.
Véla- og samg.minjas. Óslandshlið	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Víkin, sjóminjasafnið í Reykjavík	1.000.000 kr.	500.000 kr.	1.500.000 kr.
	60.400.000 kr.	13.700.000 kr.	74.100.000 kr.

Safnasjóður 2006: **83.700.000 kr.**
Safnaráð, kostn. af starfsemi: 8.600.000 kr.

**Safnaráð hefur ekki tekið ákvörðun.*

Safnasjóður styrkir: **75.100.000 kr.**

Erindi til afgreiðslu

Samþykki húsnæðisstyrkja

Engar umsóknir safna um húsnæðisstyrki til menntamálaráðuneytis skv. 11. gr. safnalaga bárust Safnaráði til umsagnar á árinu 2006. Í samræmi við ákvæði 11. gr. fjallar Safnaráð um slík erindi, en veiting húsnæðisstyrks skv. 11. gr. er háð samþykki Safnaráðs á stofnkostnaði og húsnæði.

Leyfi til útflutnings menningarverðmæta

Á árinu 2006 kom eitt leyfi til umfjöllunar hjá Safnaráði, til tímabundins útflutnings fornminja með vísan til 2. gr. laga nr. 105/2001. Útflutningur var heimilaður. Um var ræða fornminjar úr fornleifauppgröftum, sem fluttar voru erlendis í rannsóknarskyni.

Önnur erindi

Ennfremur komu mörg formleg erindi af öðrum toga til umfjöllunar hjá Safnaráði á árinu 2006, auk þess sem Safnaráð ályktaði um málefni á starfssviði ráðsins. Skrifstofu Safnaráðs bárust jafnframt fjölmörg óformleg erindi og fyrirspurnir um hin ýmsu mál er tengjast safnastarfi.

Stefnumótun stjórnvalda í safnamálum

Reynslan hefur sýnt okkur að metnaðarfullt safnastarf á Íslandi getur ekki staðið eitt og óháð ríkisvaldinu. Brýn nauðsyn er til að ríkisvaldið leggi töluverðar fjárhæðir til styrktar söfnum, en hefur þetta aðallega verið gert með eftirfarandi hætti:

1. með beinum rekstri ríkissafna.
2. með fjárveitingu í Safnasjóð sem útdeilir ríkisstyrkjum til safna.
3. með samningum einstaka safna við ráðuneyti (aðallega um stofnstyrki til húsnæðisöflunar).
4. með samningum ríkisvalds við sveitarstjórnir um styrki til menningarmála.
5. með einstaka styrkjum til safna á fjárlögum sem fjárlaganefnd ákvarðar.
6. með öðrum styrkjum (í gegnum opinbera sjóði m.a.).

Þegar hugað er að mikilvægi ríkisvaldsins varðandi tilurð og rekstur safna á Íslandi er ljóst brýn nauðsyn er til að fjárveitingar ríkisins til þessa málaflokks byggji á skýrt mótaðri stefnu ríkisvaldsins í safnamálum.

Samfara ríkisstyrkjum til safna hefur ríkisvaldið lagt metnað í að reyna um leið að stuðla að faglegu safnastarfi á Íslandi og hámarka þannig árangur af starfi íslenskra safna.

Ein aðferð ríkisvaldsins til að stuðla að faglegu safnastarfi samfara ríkisstyrkveitingum er með starfi Safnaráðs. Önnur er með lögbundnu leiðbeiningarhlutverki höfuðsafnanna á hverju sviði skv. 5. gr. safnalaga nr. 106/2001. Þjóðminjasafnsins á sviði menningarmínjavörslu, Listasafns Íslands á sviði listminja og Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem tímabundið gegnir hlutverki höfuðsafns á sviði náttúruminja, gagnvart þeim söfnum sem falla undir þeirra verksvið.

Höfuðsöfnin

Þegar safnalög voru sett 31. maí árið 2001 náði eftirlitshlutverk Safnaráðs einnig til höfuðsafnanna en hljómaði 3. gr. laganna þá svo: "Safnaráð er samráðsvettvangur starfsemi lista- og minjasafna. Safnaráð hefur eftirlit með söfnum í eigu ríkisins og söfnum sem hljóta ríkisstyrki. Safnaráð úthlutar úr safnasjóði, sbr. 10. gr." Ákvæði er varðar söfn í eigu ríkisins var tekið út með lagabreytingu þann 12. desember 2002 og frá þeim tíma hefur Safnaráð einungis haft eftirlitshlutverk gagnvart söfnum sem hljóta ríkisstyrki.

Engu að síður er mikilvægt að Safnaráði sé kunnugt um starfsemi höfuðsafnanna m.t.t. leiðbeiningarskyldu þeirra skv. ákvæðum 5. gr. safnalaga og m.t.t. þeirra viðmiða sem höfuðsöfnin setja safnastarfi á sinu sviði.

Til að geta sinnt leiðbeiningarhlutverki sem skyldi, gagnvart söfnum er starfa á þeirra sviði, þurfa höfuðsöfnin að hafa ákveðna sérstöðu. Þau þurfa að uppfylla alþjóðlegar gæðakröfur um starfsemi safna og vera fagleg og vönduð á allan hátt.

Þjóðminjasafn Íslands – höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu.

Þann 1. september 2004 opnaði Þjóðminjasafn Íslands sýningarhúsnæði sitt að Suðurgötu 41 á ný eftir 6 ára endurbýggingu og endurskipulagningu. Afar jákvæð þróun hefur átt sér stað með endurbótum Þjóðminjasafnsins, þar sem vel hefur verið vandað til allra þátta starfseminnar og alþjóðleg viðmið, stefnur og staðlar haft til hliðsjónar. Geymsluhúsnæði og umbúnaður safngripa er fyrsta flokks, fagleg forvarsla er stunduð við góðar aðstæður og skráning og rannsóknir vandað. Með sýningarhúsnæði sem stenst nútímakröfur um faglegt safnastarf er miðlun, samfara



Mynd: Þjóðminjasafn Íslands © Þjóðminjasafn Íslands.

öryggisaðstæðum og forvörslu safngripa á sýningum, einnig eins og best verður á kosið. Þau breyttu og bættu viðmið í safnastarfi sem þarna hafa orðið til eru til hvatningar og eflingar fyrir íslenskt safnastarf í heild.

Þjóðminjasafn Íslands gaf, fyrst höfuðsafnanna, út árið 2002 heildarstefnu á sviði þjóðminjavörslu: Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2003-2008, sem er mikilvægur leiðarvísir safna er starfa á því sviði. Stefna þessi var samþykkt af menntamálaráðherra vorið 2003 og er [hún yfirlýst stefna stjórnvalda á sviði safnamála](#).⁸

Myndasafn Þjóðminjasafns Íslands hlaut Íslensku safnaverðlaunin árið 2003.

Sem áður sagði hlaut Þjóðminjasafn Íslands sérstaka viðurkenningu (A special commendation) Evrópuráðs safna (European Museum Forum) í samkeppni um safn Evrópu (European Museum of the Year Award) á árinu 2006. Safnaráð tilnefndi safnið til samkeppninnar í janúar 2005.

Þá hlaut Þjóðminjasafn Íslands einnig viðurkenningu Sjálfsbjargar 2006 fyrir gott aðgengi fatlaðra í endurnýjuðum húsakynnum safnsins og á sýningum þess. Áður hafa eftirfarandi söfn hlotið þessa viðurkenningu: Hafnarborg, lista- og menningarmiðstöð Hafnarfjarðar (2004), Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn (2001), Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhús (2000), Listasafn Íslands (1997).

Listasafn Íslands – höfuðsafn á sviði myndlistar.

Einnig hafa náðst jákvæðir áfangar í uppbyggingu Listasafns Íslands. Árið 1987 flutti safnið á Frikirkjuveg 7 en aðalbyggingin var reist sem íshús árið 1916 eftir uppdráttum Guðjóns Samúelssonar og nýbyggingin er verk Garðars Halldórssonar, húsameistara ríkisins. Skrifstofur safnsins fluttu árið



Mynd: Listasafn Íslands © Listasafn Íslands.

2001 á Laufásveg 12 og geymir Frikirkjuvegur 7 nú sýningarsali, safnbúð, kaffihús safnsins og listaverkageymslur. Þrátt fyrir þessa jákvæðu áfanga eru enn aðkallandi mál, en meðal þeirra eru stækkun sýningarrýmis, aukning á fjármagni til listaverkakaupa og fjölgun starfsfólks. Einungis fyrsti áfangi af fleiri áætluðum hefur náðst í húsnæðismálum safnsins og er þjóðlistasafninu enn sem komið er ekki mögulegt sé að gera sögu íslenskrar myndlistar skil á grunnþýningu. Ennfremur veldur takmarkað fjármagn til listaverkakaupa hættu á því að gót myndist í safnkosti safnsins, en skv. lögum nr. 58/1988 um Listasafn Íslands skal safnið „[...] afla svo fullkomins safns íslenskrar myndlistar sem unnt er, skrá það, varðveita og sýna,

innan lands og utan. Leitast skal við að afla verka sem endurspegla sem best nýja strauma og

⁸ Sjá ávarp Steingrims Sigurgeirssonar, aðstoðarmanns menntamálaráðherra, á Málþingi Safnaráðs um menntunarlutverk safna í Listasafni Íslands, 21. október 2004.

stefnur í íslenski myndlist á hverjum tíma [...]“ennfremur skal safnið „[...]“ afla viðurkenndra erlendra listaverka og má verja í því skyni tíu af hundraði af því fé sem safninu er fengið til listaverkakaupa.“ Ljóst er að óbreytt fjárveiting til innkaupa nægir ekki til að uppfylla skilyrði laganna varðandi innkaup.

Listasafn Íslands hlaut viðurkenningu Sjálfsbjargar fyrir gott aðgengi fatlaðra á safninu árið 1997. Listasafn Íslands gaf í október 2005 út heildarstefnumótun fyrir stofnunina, stefnumótun Listasafns Íslands 2006-2011. Frá 24. febrúar 2006 bauð Listasafn Íslands upp á ókeypis aðgang fyrir almenning með stuðningi Samson eignarhaldsfélags.

Náttúrugripasafn Íslands – vísir að höfuðsafni á sviði náttúrufræða

Þegar safnalög voru sett árið 2001 voru sett ákvæði til bráðabirgða í lögnum hvað varðar Náttúrugripasafn Íslands. Í bráðabirgðaákvæði segir: „Ákvæði 5. mgr. 5. gr. sem kveður á um að Náttúruminjasafn Íslands hafi stöðu höfuðsafns kemur ekki til framkvæmda fyrr en sett hafa verið sérlög um Náttúruminjasafn Íslands í samræmi við lög þessi. Náttúruminjasöfn eiga eftir sem áður rétt á styrkjum úr safnasjóði á grundvelli 10. gr. með sama hætti og önnur minjasöfn. [...] Þar til Náttúruminjasafn Íslands hefur verið sett á stofn, sbr. 5. mgr. 5. gr., skal forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands eiga sæti í safnaráði og tilnefna varamann í sinn stað.“



Mynd: Frá sýningu Náttúrugripasafns Ísl. © Náttúrugripastofnun Íslands.



Mynd: Frá sýningu Náttúrugripasafns Ísl. © Náttúrufræðistofnun Íslands.

Eftir þann tíma tekur forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands sæti í safnaráði samkvæmt lögum þessum.“ Náttúrugripasafn Íslands, sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur umsjón með, er grunnur Náttúruminjasafns Íslands. Frá upphafi hafa verið settar á fót hátt í 20 nefndir sem fjallað hafa um málefni safnsins en hægt hefur þó miðað í málefnum þess. Safnið hefur aðsetur í þröngu sýningarrými í óhentugu húsnæði m.t.t. safnastarfs, við Hlemm 3-5, þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands er staðsett. Aðgengi að sýningum er erfitt og lítið fjármagn hefur fengist til starfseminnar sem kemur m.a. illa niður á forvörslu safngripa. Auknar fjárveitingar til safnsins eru aðkallandi, svo og flutningur þess í hentugt húsnæði. Þá er aðkallandi að sett verði sérlög um Náttúruminjasafn Íslands eins og safnalög kveða á um.

Tölfræðiupplýsingar um safnastofnanir

Gagnlegt er að bera saman tölfræðilegar upplýsingar um söfn á Íslandi við upplýsingar um safnastarf víða í Evrópu. Í framhaldi af umræðum á hinum ýmsu ráðstefnum og málþingum á Evrópugrundvelli um vöntun á aðgengilegum samanburðarupplýsingum um safnastarfsemi í Evrópu setti Evrópusambandið á fót verkefnið Styrihóp um samræmingu menningarlegrar tölfræði innan Evrópusambandsins (Leadership Group on Harmonisation of Cultural Statistics in the EU). Í framhaldi voru settir á fót vinnuhópar sem safnað hafa þessum upplýsingum. European Group on

Museum Statistics (EGMUS) heldur úti vefsíðu þar sem finna má ýmsar samræmdar tölfraeðiupplýsingar um ýmis Evrópulönd (ath. ekki er fjallað um Ísland í skýrslunni).⁹

Taflan hér fyrir neðan sýnir upplýsingar um söfn á hverja 100 þús. íbúa í nokkrum Evrópulöndum skv. upplýsingum frá löndunum sjálfum. Athuga ber að um er að ræða eiginleg söfn á hverja 100 þús. íbúa, þ.e. söfn skv. skilgreiningu vinnuhóps EGMUS á hugtakinu „safn“ (sbr. museum) skv. skilgreiningu ICOM, alþjóðaráðs safna, á safni en hljóðar hún svo: „*Safn er varanleg stofnun opin almenningi, sem ekki er rekin í hagnaðarskyni heldur í þágu þjóðfélags og framþróunar og hefur það hlutverk að safna efnislegum heimildum sem snerta manninn og umhverfi hans, standa vörð um þær, rannsaka þær, miðla upplýsingum um þær og hafa þær til sýnis, svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.*“¹⁰ Undanþága frá þessu eru Belarus, Finnland og Spánn, þar sem um er að ræða skilgreiningu landsins sjálfs á safni.

Söfn á hverja 100 þús. íbúa eftir nokkrum Evrópulöndum 2006¹¹

Land	Söfn á 100 þús. íbúa
Belarus	1,3
Finnland	6,1
Ísland	20*
Krótía	4,5
Lettland	5,5
Lúxemborg	8,3
Makedónía	1,1
Noregur	3,8
Portúgal	5,9
Rúmenía	2,5
Slóvenía	8,9
Spánn	3,1

*M.v. áætlaða tölu á Íslenskum stofnunum sem kallast geta „söfn“ skv. skilgreiningu ICOM (skv. mati Safnaráðs).

Meðalfjöldi safna á hverja 100 þús. íbúa í ofangreindum löndum, ef Ísland er ekki meðtalið, er **4,64** söfn. Ef Ísland er meðtalið hækkar meðaltalið í **5,92**. Ísland er með 20 söfn á hverja 100 þús. íbúa, eða rúmlega tvöfalt fleiri en það land sem kemur næst á eftir, sem er Lúxemborg með 8,3 söfn.

Samfara því að halda skrá yfir safnastarf í landinu hefur Safnaráð safnað gagnlegum upplýsingum um starfsemi íslenskra stofnana á safnasviði. Bent er á ársskýrslur Safnaráðs 2003 og 2004 fyrir nýlegar tölfraeðiupplýsingar um íslenskt safnastarf.

Vettvangsferð Safnaráðs 2006

Safnaráð fór heilsdags vettvangsferð á árinu 2006, fjórðu vettvangsferð ráðsins, fimmtudaginn 5. október. Farið var á Norðurland vestra þar sem söfn og setur voru heimsótt og rætt við forsvarsmenn stofnanana.

Með í för voru:

⁹ Sjá <http://egmus.minuskel.de/index.php?id=15> (A Guide to European Museum Statistics. European Group on Museum Statistics (EGMUS)). (Ath. ekki voru fyrir hendi upplýsingar frá öllum löndum Evrópu).

¹⁰ Íslandsdeild ICOM. Samþykktir – siðareglur. Íslandsdeild ICOM. Reykjavík: 1997

¹¹ <http://egmus.minuskel.de/index.php?id=15> (A Guide to European Museum Statistics. European Group on Museum Statistics (EGMUS))

Ráðsmenn: Ólafur Kvaran (formaður), Gíslí Sverrir Árnason (varaformaður), Margrét Hallgrímsdóttir, Jón Gunnar Ottóson og Sigrún Ásta Jónsdóttir
Varamenn: Álfheiður Ingadóttir.
Rakel Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri.

Vettvangsferð Safnaráðs á Akureyri og nágrenni, 5. október 2006.

Flogið var til Akureyrar og eftirfarandi söfn og setur á Akureyri og í næsta nágrenni heimsótt, aðstaða skoðuð og rætt við forstöðumenn og aðra forsvarsmenn safnanna um stöðu og stefnu:

Flugsafnið á Akureyri	Svanbjörn Sigurðsson, forstöðumaður Hörður Geirsson, safnvörður á Minjasafninu á Akureyri, sem unnið hefur m.a. að sýningum Flugsafnsins
Iðnaðarsafnið á Akureyri (Rekstur Iðnaðarsafnsins hefur verið færður undir Minjasafnið á Akureyri).	Jón Arnþórsson, stofnandi safnsins Guðrún María Kristinsdóttir, forstöðumaður Minjasafnsins á Akureyri
Nonnahús	Brynhildur Pétursdóttir, forstöðumaður Nonnahúss
Minjasafnið á Akureyri	Guðrún María Kristinsdóttir, forstöðumaður Hörður Geirsson Hanna Rósa Sveinsdóttir Haraldur Þór Egilsson Kristín Sóley Björnsdóttir
Friðbjarnarhús (skoðað stuttlega þar sem miklar framkvæmdir voru við húsið)	Guðrún María Kristinsdóttir Hanna Rósa Sveinsdóttir
Gudmanns Minde (áætlanir eru um lækningaminjasafn í húsinu)	Guðrún María Kristinsdóttir Hanna Rósa Sveinsdóttir
Listasafnið á Akureyri	Erika Lind Isaksen, safnfulltrúi
Sigurhæðir, hús skáldsins (Matthíasarsafn)	Valdís Viðarsdóttir, verkefnastjóri Menningarmiðstöðvar Listagili.
Davíðshús	Valdís Viðarsdóttir
Safnasafnið á Svalbarðseyri	Niels Hafstein, forstöðumaður og Magnhildur Sigurðardóttir, stjórnarmaður

Ferðir framkvæmdastjóra 2006

Framkvæmdastjóri fór þrjár ferð erlendis á árinu 2006 og heimsótti fjölda safnastofnana innanlands.

Ferðir erlendis:

Framkvæmdastjóri sótti Seminar om nordisk Museumsarbeid í Osló þann 26. og 27. janúar 2006 ásamt Ólafi Kvaran, formanni Safnaráðs og safnstjóra Listasafns Íslands og Ragnheiði H. Þórarinsdóttur, sérfræðingi hjá lista- og safnadeild menntamálaráðuneytis.

Framkvæmdastjóri heimsótti opinbera safnastofnun Dana: The National Board of Antiquities/Museiverket í Helsinki í Finnlandi þann 19. júlí 2006. Markmið heimsóknarinnar var að kynna aðferðum Finna við stefnumótun og framkvæmd málefna er tengjast safnastarfi og úthlutun ríkisstyrkja til safna. Hitti frkv.stj. og ræddi við ýmsa sérfræðinga um þessi málefni, m.a. Mirva Mattila, Minna Karvonen og Margaretha Ehrstrom. Í sömu ferð sótti frkv.stj. ráðstefnuna Encouraging the Mobility of Collections í Helsinki, sem fulltrúi menntamálaráðuneytis, dagana 20. og 21. júlí 2006.

Þá sótti framkvæmdastjóri Afslutningsseminar for Museumskomitéen í Kaupmannahöfn þann 9. nóvember 2006 ásamt Eiríki Þorlákssyni, sérfræðingi hjá lista- og safnadeild menntamálaráðuneytis.

Ferðir innanlands:

Auk vettvangsferðar Safnaráðs 2006 ferðaðist frkv.stj. um d... og heimsótti safnastofnanir.

Þær stofnanir á sviði safnastarfs sem frkv.stj. heimsótti í starfi innanlands á árinu 2006 voru m.a. (í stafrófsröð):

Davíðshús
Flugsafnið á Akureyri
Friðbjarnarhús
Gudmanns Minde
Iðnaðarsafnið á Akureyri
Listasafn ASÍ
Listasafn Íslands
Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn
Listasafn Reykjavíkur
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Listasafnið á Akureyri
Minjasafn Reykjavíkur
Minjasafnið á Akureyri
Nonnahús
Safnasafnið á Svalbarðseyri
Sigurhæðir, hús skáldsins (Matthíasarsafn)
Þjóðminjasafn Íslands

Framkvæmdastjóri sótti ennfremur 18. farskóla Félags íslenskra safna og safnmanna 27. – 29. september 2006 sem haldinn var á Egilstöðum í boði Minjasafns Austurlands.

Rannsóknargrein um safnastarf

Heildrænar rannsóknir aðila hér á landi á starfsemi safna og tengdum þáttum hafa fyrst og fremst farið fram innan háskólaumhverfis og er hér birtur útdráttur eins slíks verkefnis. Verkefni sem birtast í formi útdráttar í ársskýrslu Safnaráðs eiga það sameiginlegt að vera lokaverkefni nemenda í framhaldsnámi við safnafræði og tengd fög. Ritgerðina og nánari upplýsingar má nálgast hjá höfundum.

Aðgengi almennings að safnkosti

Meistararitgerð í safnafræði við Gautaborgarháskóla
2006

Leiðbeinandi: Diana Walters

Höfundur: Helga Lára Þorsteinsdóttir



Helga Lára Þorsteinsdóttir.

Aðgengi almennings að safnkosti

Ritgerðin er skrifuð á ensku og nefnist: "Public access to museum collections, - The political and educational considerations behind public access to collections and the current attitude towards public access to collections in four museums in Reykjavik".

Í ritgerðinni skoðar höfundur aðgengi almennings að safnkosti opinberra safna, það er að segja, safna sem rekin eru fyrir almannafé.

Fyrsti hluti ritgerðarinnar fjallar um rétt almennings á aðgengi að safnkosti út frá lýðræðislegu sjónarhorni og er saga aukins aðgengis rakin í stuttu máli.

Í öðrum hluta er fjallað um kenningar í safnfræðslu þar sem áherslan er á hvernig safnið getur aðlagð umhverfi sitt þannig að einstaklingurinn fái sem mest út úr heimsókninni. Í þessum hluta eru rakin tvö ólík dæmi um söfn sem hafa einbeitt sér að aðgengi almennings að safnkosti, þau eru Mölndals Museet í Svíþjóð og the Open Museum í Skotlandi.

Seinni hluti ritgerðarinnar beinir sjónum að aðgengi almennings að safnkosti fjögurra safna í Reykjavík; Listasafns Íslands, Listasafns Reykjavíkur, Þjóðminjasafns Íslands og Minjasafns Reykjavíkur – Árbæjarsafns.

Höfundur gengur út frá þeirri forsendu að opinber söfn séu mennta- og þjónustustofnanir í eigu almennings sem varðveiti gripi og miðli þekkingu í þeirri trú að það hafi góð áhrif á samfélagið en allt að 80-90% safneignar opinberra safna er í geymslu. Sem menntastofnunum ber söfnum að fylgjast með því sem efst er á baugi í kennslufræði og tileinka sér eftir megni þær aðferðir sem hafa sýnt bera bestan árangur við kennslu.

Lýðræði

Síðan á 18.öld hefur aðgengi almennings að safnkosti verið í sífelldri þróun. Í frönsku byltingunni varð einkasafn konungs gert opinbert og þegnum landsins veitt aðgengi að Louvre (reyndar

miðaðist rétturinn til að skoða safnið við karlkyns skattgreiðendur, -mögulega með einhverjum undantekningum þó). Söfnin voru í fyrstu aðeins opin á virkum dögum á meðan þorri manna var í vinnu, en seinna var opnunartími lengdur og almenningi gefinn kostur á að skoða sýningar á sunnudögum.

Á síðari tímum hefur krafa almennings um að fá að skoða það sem söfnin geyma orðið sífellt hávæðari. Í ritgerðinni er aðeins rætt um hvernig þessi krafa hefur komið fram í Bretlandi en þar hafa áhugasamir einstaklingar meðal annars tekið sig saman og búið til þrýstihóp sem ber nafnið "The Campaign for Learning through Museums and Galleries (CLMG)". Einkunnarorð hópsins eru: "Objects are there for people. Collections exist to be used." (<http://www.clmg.org.uk/index.html>)

Ástæður aukins áhuga má rekja til að minnsta kosti tveggja ólíkra þátta. Annars vegar þykir sýnt að þar sem fáir koma að sýningagerð reynist erfiðara að koma mörgum sjónarhornum viðfangsefnisins á framfæri og þau viðfangsefni sem fá umfjöllun í opinberum sýningum einskorðast frekar við áhugasvið sýningarstjóra. Þannig hefur sumum jafnvel fundist sýningar á opinberum söfnum vera einræða sýningarstjóra.¹² Hins vegar hafa söfnin í sífellt auknum mæli þurft að sanna hlutverk sitt í samfélaginu gagnvart skattgreiðendum sem vilja "fá eitthvað fyrir peningana." Þannig hefur styrkjum til breskra safna verið deilt þannig að þau söfn sem fjalla um viðfangsefni er varða samfélagið og samtímann eiga möguleika á hærri fjárhæðum frá hinu opinbera. Afrakstur þessarrar stefnu endurspeglast í sýningum sem byggja á samstarfi við ólíka samfélagshópa og fjalla um ólík málefni, sum "erfið", til að mynda heimilisofbeldi. Ennfremur endurspeglast þessi stefna í aukinni áherslu á þjónustuhlutverk safnsins gagnvart almenningi þar sem aukinn aðgangur að safnkosti safna er einn þáttur.

Safnfræðsla

Innan safna hefur sums staðar skapast sú hefð að einblina á viðfangsefnið en ekki verið gefinn sérstakur gaumur að því hvernig einstaklingar læra. Í ritgerðinni fjallar höfundur um kenningar í kennslufræði sem leggja áherslu á nemandann og hvernig hann meðtekur upplýsingar. Þær kenningar sem hér eru til umfjöllunar lita á safnfræðslu sem samskipti og byggja á þeim skilningi að



Fortíð mætir framtíð.

Mynd: Helga Lára Þorsteinsdóttir.

hver einstaklingur sé túlkandi í umhverfinu (sú kenning sem mest er fjallað um í ritgerðinni nefnist á ensku "constructivism"). Þannig er horfið frá þeim skilningi að hægt sé að mata fólk á upplýsingum eins og mokað sé í fötu því einstaklingurinn túlkar alltaf umhverfið miðað við sinn skilning og sína reynslu.¹³ Í þessu sambandi hefur því verið haldið fram að til þess að geta lært á safni þurfi einstaklingurinn að geta tengt viðfangsefnið á einhvern hátt við það sem honum er kunnuglegt. Annars er hættan sú að hann gefist upp á að reyna að skilja það sem fyrir augu ber, að reynsla hans af safnaheimsókninni verði neikvæð og að sjálfstraust viðkomandi rýrni í kjölfarið.¹⁴ Ef við trúum því að hver einstaklingur móti sinn eigin skilning á viðfangsefninu þá geta söfnin hvatt fólk til að treysta eigin innsæi og gefið því tækifæri til að tjá sig á ólíkan hátt um einn grip eða heila sýningu, -hver gripur býður upp á endalausa túlkunarmöguleika, tilfinningar og persónulegar sögur. Í þessu sambandi er einnig talið árangursríkt að gefa folki tækifæri á að nálgast úrval mismunandi safngripa.

Félag safna í Englandi (Museums Association in England) hafa gefið út leiðbeiningar þar sem bent er á aðferðir sem söfn geta tileinkað sér í þeim tilgangi að fá sem mest úr samskiptum sínum við

12 Bennet, Tony (2004), *The Birth of the Museum – history, theory, politics*, Routledge. Bls 103.

13 Sjá meðal annars Hein, Georg (1998) *Learning in the Museum*, Routledge.

14 Hooper-Greenhill, Eileen (1994) "Communication theories" í *The Educational Role of the Museum* (önnur útgáfa 1999). Ritst. Hooper-Greenhill, Routledge.

gesti (Interpretation Strategy). Samkvæmt þeim er lykiltríði fyrir söfn að hafa sem mestar upplýsingar um gesti sína og nýta þær við stefnumótun og sýningagerð.¹⁵



Leikið á safninu í Möndal.
Mynd: Helga Lára Þorsteinsdóttir.

Á byggðasafninu í Möndal í Svipjóð er safneignin frammi á sýningu og gestum gefst tækifæri á að prófa flesta gripina, fara í fötin, lesa bækurnar, hlusta á hljómplöturnar og spila á hljóðfærin. Enn fremur gefst öllum kostur á að bæta við skráninguna persónulegum frásögnum og minningum eða öðrum upplýsingum. Leiðarljós safnsins, eða einkunnarorð eru: "Ég gleymi því sem ég heyri, ég man kannski það sem ég sé, en ég skil það sem ég reyni." ("Tell me and I'll forget, Show me, and I may remember. Involve me, and I'll understand.") Byggðasafnið fékk sérstaka viðurkenningu "a special commendation prize" frá European Museum Forum árið 2005.

Opna safnið í Glasgow, Skotlandi gefur gestum tækifæri á að koma og skoða safneignina og einnig er hægt að fá lánaða gripi í sýningar eða til elliheimila og skóla, svo eitthvað sé nefnt. Á safninu eru um 200.000 gripir og hægt er að fara í leiðsögn um geymslurnar eða taka þátt í námskeiðum sem tengjast safngripunum.

Forvarsla

Söfnum ber fagleg skylda til þess að varðveita safngripi fyrir komandi kynslóðir. Miðað við það sem hér hefur verið fjallað um hlýtur það hlutverk togast að einhverju leyti á við hitt, að miðla menningararfinnum milli kynslóða. Sumir gripir verða aldrei til þess fallnir að fólk fái beinan aðgang að þeim. Aðgengi að öðrum gripum gæti styrkt áhuga almennings á safnkostinum og gefið fólki tækifæri til að vera þátttakendur við túlkun og miðlun sögunnar sem við eigum sameiginlega.

Með miðlæga gagnagrunninum Sarpi gefst tækifæri til að bæta aðgengi almennings að safnkosti næstum allra byggðasafna á Íslandi. Skráningin verður vonandi aðgengileg á Internetinu innan fárra ára og enn fremur gefst þá kostur á að fá yfirsýn yfir hvað söfnin eiga og geyma. Þá væri möguleiki að dreifa varðveislubýrgðinni á milli safna þannig að eitt safnið geti veitt beinan aðgang að safnkosti sínum í trausti þess að annað safn eigi og varðveiti samskonar grip hjá sér.

Fjögur söfn í Reykjavík

Til að fá smjörþefinn á áhuga Íslendinga á aðgengi að safnkosti sendi höfundur fyrirspurnir til fjögurra safna í Reykjavík. Saman geyma þessi söfn um 109.000 gripir (miðað við árið 2005). Þjóðminjasafnið auglýsir á heimasíðu sinni að fólk geti nálgast gripir í geymslum safnsins en það fær um 600 fyrirspurnir á ári, margar frá starfsmönnum annarra safna. Listasafn Íslands gefur fólki kost á að skoða skrá yfir öll verkin í tölvum í safninu og hefur sú þjónusta mælst nokkuð vel fyrir. Listasafn Reykjavíkur og Minjasafn Reykjavíkur auglýsa ekki aðgengi að safnkostinum. Þessi þrjú síðastnefndu söfn fá á bilinu 1 – 15 fyrirspurnir árlega frá einstaklingum sem vilja sjá gripir í geymslu. Ekkert safnanna hefur gert formlega könnun á þessari þjónustu og þarfir notenda hafa ekki verið formlega kannaðar þegar teknar eru ákvarðanir um breytt aðgengi. Skortur á fjármunum og mannafla er aðal ástæða þess að ekki hefur verið hægt að sinna þessum þætti safnastarfsins betur.

Safnalög á Íslandi

Þau lög sem nú gilda um söfn á Íslandi voru samþykkt á Alþingi árið 2001. Þar er kveðið á um að Þjóðminjasafnið, Náttúruminjasafn Íslands og Listasafn Íslands séu höfuðsöfn sem eigi að vera öðrum söfnum til ráðgjafar og stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu hvert á sínu

¹⁵ Sjá meðal annars, Swift, Frazer (2000) "Interpretation strategies" *Museum Practice*, issue 13, vol 5, number 1, Museums Association, pp 50-52.

sviði. Á fjögurra ára fresti skulu höfuðsöfnin enn fremur semja sameiginlega stefnuyfirlýsingu fyrir það safnasvið sem þau veita forstöðu sem kynna skal safnaráði ásamt verkáætlun. Á þeim fimm árum sem liðin eru síðan löggin voru samþykkt hefur ein skýrsla verið gefin út um stefnu á sviði Þjóðminjavörslu fyrir árin 2003-2008 en hún tekur til byggðarsafnanna á landinu. Í skýrslunni er tekið fram að 75% aðspurðra á byggðarsöfnum telja að aðbúnaður í geymslum sé ófullnægjandi. Í sömu skýrslu eru söfn hvött til að laða að fleiri gesti til þess að auka tekjur sínar. Fljótt á litið mætti líta á slæman aðbúnað í geymslum byggðarsafnanna sem tækifæri til þess að laða að fleiri gesti því samkvæmt þeim kenningum sem fjallað er um í ritgerðinni má að ósekju gera menningararfinn ríkulegri með fleiri sjónarhornum. Þessu til stuðnings má einnig benda á að í skýrslunni um stefnu á sviði Þjóðminjavörslu kemur fram að áhugi almennings er í réttum hlutföllum við nýtingu safnsins. Hins vegar myndi þessi starfsemi kosta betri aðbúnað í geymslum safnanna, yfirsýn yfir þá gripi sem söfnin geyma, fleira starfsfólk og mikið skipulag.

Úthlutunarreglur safnasjóðs kveða á um ýmis atriði, til að mynda að safnið skuli vera opið á auglýstum opnunartíma í að minnsta kosti 3 mánuði á ári og sinna fræðslu eins og hægt er. Eftirlit safnaráðs með nýtingu styrkja úr safnasjóði er takmarkað en einn starfsmaður sinnir daglegum rekstri ráðsins. Með því að auka við starfsemi safnaráðs mætti vinna skipulega að því að færa starfsemi safna á Íslandi nær fólkinu í landinu, -auka þjónustuhlutverk þeirra gagnvart almenningi og vægi þeirra í mótun samfélagsins sem við eigum saman.

(Höfundur hefur verið ráðin tímabundið hjá Minjasafni Reykjavíkur. Hún vonar að þetta stutta ágríp af ritgerðinni vekji með lesendum vangaveltur og hugmyndir um tilgang safna í samfélaginu og hvaða hlutverki söfn muni gegna gagnvart almenningi um komandi framtíð).
helga.lara.thorsteinsdottir@gmail.com

Lokaorð

Á árinu 2006 mátti greina vonbrigði og ef til vill skerta trú á Safnasjóði sem traustri stoð við rekstur safna. Kom þessi vantrú fram í kjölfar umdeildrar úthlutunar Safnaráðs úr Safnasjóði 2005 þegar mikil bjartsýni ríkti meðal safnmanna um möguleika Safnasjóðs til að tryggja söfnum í landinu stöðugt fjármagn til rekstrar. Í heild var á árinu 2006 sótt um einungis 78% þeirrar fjárhæðar sem sótt hafði verið um í Safnasjóð á árinu 2005 (sótt var um 197.840.000 millj. kr. 2005 en 154.680.000 kr. árið 2006). Þá fækkaði umsóknum jafnframt úr 82 árið 2005 í 65 umsóknir árið 2006.

Þrátt fyrir að Safnasjóður stæði áfram lítt undir væntingum safnmanna á árinu 2006 fremur en á árinu 2005 einkenndist árið 2006 af bjartsýni á aðra starfsemi Safnaráðs. Greina mátti mikla ánægju með Samráðsfund Safnaráðs um stefnumótun á sviði menntunarhlutverks safna, þar sem safnmenn alls staðar af landinu unnu saman að gerð þarfrar heildarstefnu á þessu sviði. Þá stóð Safnaráð fyrir heildarkönnun á stöðu skráningar á söfnum á árinu 2006, en niðurstöður hennar leiddu í ljós mikilvægi þess að markvisst verði unnið áfram að skráningarmálum safna.

Í ljósi þessara heildrænu verkefna, auk umsjónar með kynningu Íslenska safnadagsins síðastliðin tvö ár, aðkomu að uppbyggingu meistaranáms í safnafræði við Háskóla Íslands, aðkomu að stefnumótun á sviði flugminja og fleiri heildrænna verkefna, má segja að Safnaráð hafi sannað gildi sitt sem mikilvægur samráðsvettvangur safna í samræmi við safnalög nr. 106/2001.

Eins og fyrri ár er mikilvægt er að stjórnvöld marki stefnu um árangursrika, faglega og hagnýta uppbyggingu safnastarfs sem leið samfélagsins sér til viðhalds og þroska. Jafn mikilvægt er að menn geri sér grein fyrir því hvers vegna þörf er á slíkri stefnu og uppbyggingu og hvað liggur að veði. Safnaráð mun áfram beita sér fyrir eflingu sjóðsins með það fyrir augum að treysta og tryggja safnastarf, sem varðveitir og miðlar hinni mikilvægu þekkingu um uppruna og þróun samfélags okkar. Huga þarf að heildrænni stefnu um ýmsa þætti safnastarfs og mun Safnaráð beita sér áfram sem samráðsvettvangur safna og stuðla að framþróun safnastarfs á Íslandi með þessum hætti.

Hin heildrænu verkefni næstu missera á sviði safnastarfs eru enn sem áður: Umfjöllun um allt safnastarf (söfn, setur, sýningar, safnvisar o.s.frv.) fari fram á faglegum grundvelli. Styrkustu sprotarnir í safnastarfi verði styrktir enn frekar, jafnt fjárhagslega sem faglega, fremur en að grafið sé undan stöðum þeirra með sífellt aukinni dreifingu þess sem er til skiptanna. Byggt verði á því sem áunnist hefur og faglegt starf, þekking, samvinna, hagkvæmni og árangur haft að leiðarljósi við uppbyggingu safnastarfs á Íslandi.

Rakel Halldórsdóttir,
framkvæmdastjóri Safnaráðs

Viðauki 1: Styrkveitingar úr Safnasjóði 2005

Styrkveitingar úr Safnasjóði 2005

Samþykkt 7. mars og 31. mars 2005

Heiti stofnunar:	Rekstur	Verkefni	Samtals:
Bóka- og byggðasafn Norður Þingeyinga	600.000 kr.		600.000 kr.
Byggðasafn Dalamanna		250.000 kr.	250.000 kr.
Byggðasafn Garðskaga			0 kr.
Byggðasafn Hafnarfjarðar	1.200.000 kr.		1.200.000 kr.
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	1.000.000 kr.		1.000.000 kr.
Byggðasafn Rangæinga og V-Skaftf. í Skógum	1.200.000 kr.		1.200.000 kr.
Byggðasafn Reykjanesbæjar	1.200.000 kr.	300.000 kr.	1.500.000 kr.
Byggðasafn Skagfirðinga Glaumbæ	1.200.000 kr.	750.000 kr.	1.950.000 kr.
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla (Norska húsinu)	1.200.000 kr.		1.200.000 kr.
Byggðasafn Vestfjarða	1.200.000 kr.		1.200.000 kr.
Byggðasafnið Breiðdalsvík			0 kr.
Byggðasafnið Hvoll, Dalvíkurbyggð	1.000.000 kr.	300.000 kr.	1.300.000 kr.
Farskóli safnmanna 2005 (Sildarminjasafnið á Siglufirði)*		300.000 kr.	300.000 kr.
Fiska- og Náttúrugripasafn Vestmannaeyja	1.000.000 kr.		1.000.000 kr.
Flugsafnið á Akureyri	600.000 kr.		600.000 kr.
Fugla- og steinasafn Djúpavogshrepps			0 kr.
Gerðuberg - listaverkasafnið Gagn og gaman			0 kr.
Grafiksafn Íslands			0 kr.
Hafnarborg, Menningar- og listastofnun Hfj.	1.200.000 kr.		1.200.000 kr.
Heimilisönaðarsafnið á Blönduósi	1.000.000 kr.	300.000 kr.	1.300.000 kr.
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga v. Ljósmyndasafns			0 kr.
Húsið á Eyrarbakka - Byggðasafn Árnesinga	1.800.000 kr.		1.800.000 kr.
Húsið á Eyrarbakka - Byggðasafn Árnesinga, Náttúrusafn			0 kr.
Húsið á Eyrarbakka - Byggðasafn v. Rjómabús á Baugst.		500.000 kr.	500.000 kr.
Húsið á Eyrarbakka - Sjóminjasafnið á Eyrarbakka			0 kr.
Hvalamiðstöðin á Húsavík	1.200.000 kr.		1.200.000 kr.
ICOM Íslandsdeild, Alþjóðaráð safna - Íslandsdeild			0 kr.
Íönaðarsafnið á Akureyri	600.000 kr.		600.000 kr.
Kvennasögusafn Íslands (skjalasafn)			0 kr.
Leikminjasafn Íslands	600.000 kr.		600.000 kr.
Listasafn Árnesinga	600.000 kr.	400.000 kr.	1.000.000 kr.
Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn	1.200.000 kr.		1.200.000 kr.
Listasafn Reykjanesbæjar	1.000.000 kr.		1.000.000 kr.
Listasafn Reykjavíkur	1.200.000 kr.	250.000 kr.	1.450.000 kr.
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar		1.040.000 kr.	1.040.000 kr.
Listasafnið á Akureyri			0 kr.
Listasetrið Kirkjuhvoll, Akranesi			0 kr.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	1.200.000 kr.	300.000 kr.	1.500.000 kr.
María Júlía BA 36 - samstarfsverkefni			0 kr.
Menningarmiðstöð Hornafjarðar - Byggðasafn Austur-Skaftaf.s.	1.800.000 kr.	500.000 kr.	2.300.000 kr.
Menningarmiðstöð Hornafjarðar - Listasafn Austur-Skaftaf.s.		Sjá aths.	
Menningarmiðstöð Hornafjarðar - Náttúrugripas. Austur-Sk.f.s.			0 kr.
Minjasafn Egils Ólafssonar	1.000.000 kr.	500.000 kr.	1.500.000 kr.
Minjasafn Reykjavíkur	1.200.000 kr.	500.000 kr.	1.700.000 kr.
Minjasafnið á Akureyri	1.200.000 kr.	400.000 kr.	1.600.000 kr.
Minjasafnið á Bustarfelli	400.000 kr.		400.000 kr.
Myndasafn.is - Safn Mats Wibe Lund			0 kr.
Náttúrufræðistofa Kópavogs	1.200.000 kr.		1.200.000 kr.
Náttúrugripasafn Ólafsfjarðar			0 kr.
Náttúrugripasófn á Íslandi - gagnagrunnur fyrir náttúrusófn		2.000.000 kr.	2.000.000 kr.
Nonnahús			0 kr.
Nýlistasafnið		150.000 kr.	150.000 kr.
Safnahús Borgarfjarðar - Byggðasafn Borgfirðinga	1.000.000 kr.		1.000.000 kr.
Safnahús Borgarfjarðar - Náttúrugripasafn Borgarfj.			0 kr.
Safnahús Vestmannaeyja - Byggðasafn Vestmannaeyja	1.200.000 kr.	250.000 kr.	1.450.000 kr.
Safnahús Vestmannaeyja - Listasafn Vestmannaeyja			0 kr.
Safnahús Vestmannaeyja - Ljósmyndasafn			0 kr.

Vestmannaeyja			
Safnahúsið á Egilsstöðum - Minjasafn Austurlands	1.200.000 kr.	500.000 kr.	1.700.000 kr.
Safnahúsið á Húsavík - Byggðasafn Suður-Pingeyinga	1.800.000 kr.	1.000.000 kr.	2.800.000 kr.
Safnahúsið á Húsavík - Myndlistarsafn			0 kr.
Safnahúsið á Húsavík - Náttúrugripasafn			0 kr.
Safnahúsið Eyrartúni, Ísafirði - Listasafn Ísafjarðar			0 kr.
Safnahúsið Eyrartúni, Ísafirði - Ljósmyndasafnið Ísafirði			0 kr.
Safnasafnið á Svalbarðseyri	600.000 kr.	150.000 kr.	750.000 kr.
Safnastofnun Fjarðabyggðar - Íslenska stríðsárasafnið			0 kr.
Safnastofnun Fjarðabyggðar - Náttúrugripasafnið í Nesk.st.		500.000 kr.	500.000 kr.
Safnastofnun Fjarðabyggðar - Safn Jósafats Hinrikss.			0 kr.
Safnastofnun Fjarðabyggðar - Sjóminjasafn Austurlands	1.000.000 kr.		1.000.000 kr.
Safnasvæðið á Akranesi - Byggðasafn Akraness & nærsv.	1.200.000 kr.	150.000 kr.	1.350.000 kr.
Safnasvæðið á Akranesi - Steinaríki Íslands			0 kr.
Samgönguminjasafnið Ystafelli	600.000 kr.		600.000 kr.
Samstarf sjóminjasafna - Sjóminjar Íslands		900.000 kr.	900.000 kr.
Samstarfsverkefni Byggðasafna á Norðurlandi		200.000 kr.	200.000 kr.
Sauðfjársetur á Ströndum	600.000 kr.	100.000 kr.	700.000 kr.
Sildarminjasafnið á Siglufirði	1.200.000 kr.		1.200.000 kr.
Sjóminjasafnið í Reykjavík			0 kr.
Steinasafnið Teigarhorni			0 kr.
Tónminjasetur Íslands, Stokkseyri			0 kr.
Tækniminjasafn Austurlands, Seyðisfirði	1.200.000 kr.		1.200.000 kr.
Veiðisafnið	600.000 kr.	250.000 kr.	850.000 kr.
Verslunarminjasafnið, Hvammstanga (Bardúsa)			0 kr.
Véla- & samg.minjas. að Stóragerði í Óslandshlíð			0 kr.

42.000.000 kr. **12.740.000** **54.740.000**

Styrkir: **54.740.000**

Kostnaður af starfsemi: **9.600.000**

Samtals: **64.340.000**

Safnasjóður 2005: **66.000.000**

* Samþykkt á fundi Safnaráðs 31. mars 2005.

The Museum Council of Iceland A Summary

In June 2001 The Museum Council of Iceland was founded with a set of new legislation, the Museum Act nr. 106/2001, Act nr. 105/2001 that deals with the transfer of cultural objects, and Act nr. 107/2001 dealing with the preservation of cultural heritage. The Council is composed of five members, the director of each of the three head museums, The National Museum of Iceland (cultural history heritage), The Icelandic Institute of Natural History (natural history heritage), and the National Gallery of Iceland (visual arts heritage). In addition, two members are appointed by organizations of vested interest, one from the Icelandic Association of Museums and Museum Professionals, and one from the Association of Local Authorities in Iceland.

The Museum Council works under the Icelandic Ministry of Education, Science, and Culture, and deals with various tasks regarding the national cultural and natural heritage. The Council is a co-operative forum for Icelandic cultural and natural museums. It supervises the Museum Fund and distributes from it monetary government grants to museums in accordance to Act nr. 106/2001. In the year 2006 65 museums and related organizations applied for government grants from the Museum Fund. 49 museums received grants of the total value of 74.100.000 Icelandic Crowns.

The Council is responsible for the execution of Act nr. 105/2001, dealing with the transfer of cultural objects between countries. One task related to that law is the granting of permits for the transfer of cultural valuables from Iceland.

In addition to this the Council addresses a number of other diverse tasks relating to its field.

The Museum Council's office is situated in the National Gallery at Laufasvegur 12, 101 Reykjavik, Iceland. The Managing Director of the Council is Rakel Halldorsdottir.

The following formed the Museum Council in the year 2006:

Members of the Council:	Substitutes:
Ólafur Kvaran, Director of the National Gallery of Iceland, Chair of the Museum Council from February 1, 2004.	Júliana Gottskálksdóttir, Director of the Einar Jónsson Art Museum (Listasafn Einars Jónssonar) (appointed from November 1, 2005).
Margrét Hallgrímsdóttir, Director of the National Museum of Iceland, Vice Chair of the Museum Council from November 1, 2005.	Anna Guðný Ásgeirsdóttir, Financial Manager of the National Museum of Iceland
Jón Gunnar Ottósson, Director of the Icelandic Institute of Natural History	Álfheiður Ingadóttir, Publishing Manager of the Icelandic Institute of Natural History Íslands
Sveinn Kristinsson, President of the Akranes Town Council (appointed from November 1, 2005).	Steinunn Ó. Kolbeinsdóttir (appointed from November 1, 2005).
Karl Rúnar Þórsson, Chair of the Organization of Museum Professionals in Iceland (appointed from November 1, 2005).	Ágústa Kristófersdóttir, Exhibition Director, National Museum of Iceland (appointed from November 1, 2005).

SAFNARÁÐ

The Museum Council of Iceland

Laufásvegi 12
101 Reykjavík
sími: 515 9605
bréfsími: 515 9601
netfang: safnarad@safnarad.is
vefsíða: www.safnarad.is